

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 165/2014

2016/EES/52/36

frá 4. febrúar 2014

um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

Henni hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Til þess að tryggja meiri skýrleika ætti að einfalda og endurskipuleggja helstu ákvæði hennar.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

- 2) Reynslan hefur sýnt að til þess að tryggja skilvirgni og árangur af notkun ökuritakerfisins ætti að bæta tiltekna tæknilega þætti og eftirlitsaðferðir.

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

- 3) Tiltekin farartæki eru undanþegin ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ⁽⁴⁾. Til þess að tryggja samræmi ætti einnig að vera mögulegt að undanþiggja slík ökutæki frá gildissviði þessarar reglugerðar.

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

- 4) Ökurita ætti að setja upp í ökutækjum sem reglugerð (EB) nr. 561/2006 gildir um. Tiltekin ökutæki ættu að falla utan gildissviðs þeirrar reglugerðar til þess að koma á nokkrum sveigjanleika, nánar tiltekið ökutæki með leyfilegan hámarks massa sem er ekki meiri en 7,5 tonn sem eru notuð til að flytja efni, búnað eða vélar sem ökumaður notar við vinnu sína innan 100 km radiuss frá bækistöð fyrirtækisins og með því skilyrði að akstur slíkra ökutækja sé ekki aðalstarf ökumannsins. Til að tryggja samræmi milli viðeigandi undanþága sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 561/2006, og til að minnka stjórnsýslubyrði á flutningafyrirtæki jafnframt því að virða markmið þeirrar reglugerðar, er rétt að endurskoða tilteknar leyfilegar hámarksvegalengdir sem settar eru fram í þeim undanþágum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 ⁽³⁾ er mælt fyrir um ákvæði um smíði, uppsetningu, notkun og prófun ökurita.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 43, 15.2.2012, bls. 79.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2012 (Stjtið. ESB C 349 E, 29.11.2013, bls. 105) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 15. nóvember 2013 (Stjtið. ESB C 360, 10.12.2013, bls. 66). Afstaða Evrópuþingsins frá 15. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

- 5) Framkvæmdastjórnin mun íhuga að framlengja gildistíma aðlögunarbúnaðar fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 til 2015 og taka til frekari athugunar langtímalausn fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 fyrir 2015.
- 6) Framkvæmdastjórnin ætti að íhuga upptöku þyngdarskynjara í þungafflutningabifreiðum og meta möguleikann á því að þyngdarskynjarar stuðli að bættri reglufylgni við löggjöf um flutninga á vegum.
- 7) Notkun ökurita sem tengdir eru við hnattrænt gervi-hnattaleiðsögukerfi er viðeigandi og kostnaðarhagkvæm aðferð til að skrá sjálfkrafa staðsetningu ökutækis á tilteknum stöðum meðan á daglegum vinnutíma stendur til þess að styðja eftirlitsmenn við eftirlit og því ætti að kveða á um slíkt.
- 8) Með dómi sínum í máli C-394/92 *Michielsen og Geybels Transport Service* ⁽⁵⁾ skilgreindi Evrópudómstóllinn hugtakið „daglegur vinnutími“ og eftirlitsyfirvöld skulu túlka ákvæði þessarar reglugerðar í ljósi þeirrar skilgreiningar. „Daglegur vinnutími“ hefst þegar ökumaður kveikir á ökurita eftir vikulegan eða daglegan hvíldartíma, eða ef daglegri hvíld er skipt niður í aðskilin tímabil, eftir hvíldartíma sem varir í a.m.k. níu klukkustundir. Honum lýkur við upphaf daglegs hvíldartíma, eða ef daglegri hvíld er skipt niður í aðskilin tímabil, við upphaf hvíldartíma sem varir að lágmarki í níu samfelldar klukkustundir.
- 9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB ⁽⁶⁾ er þess krafist að aðildarríki framkvæmi lágmarksfjölda eftirlitsaðgerða á vegum. Fjarskipti milli ökurita og eftirlitsyfirvalda að því er varðar vegaeftirlit auðvelda markvisst vegaeftirlit og gera mögulegt að minnka þá stjórnslubyrði sem slembieftirlit skapar fyrir flutningafyrirtæki og því ætti að kveða á um slíkt.
- 10) Skynvædd flutningakerfi geta hjálpað til við að takast á við þær áskoranir sem stefna Evrópu í flutningamálum stendur frammi fyrir, eins og aukið umfang flutninga á vegum og umferðartæppur og vaxandi orkunotkun. Ökuritar ættu því hafa staðlaða skilfleti til að tryggja rekstrarsamhæfi þeirra við verkþúnað skynvæðdra flutningakerfa.
- 11) Þróun verkþúnaðar sem hjálpar ökuönnum að túlka gögn sem skráð eru í ökurita til að gera þeim kleift að uppfylla kröfur félagsmálalöggjafar ætti að njóta forgangs.
- 12) Öryggi ökuritans og kerfis hans er lykilatriði til að tryggja að áreiðanleg gögn verði til. Framleiðendur skulu því hanna, prófa og endurskoða ökuritann á öllum lífsferli hans til að koma í veg fyrir, greina og draga úr öryggisveilum.
- 13) Vettvangsprófanir á ökurita sem hefur ekki enn verið gerðarviðurkenndur gera mögulegt að prófa búnað við raunaðstæður áður en hann er tekinn upp víða og gera þannig hraðari umbætur mögulegar. Vettvangsprófanir skulu því heimilaðar með því skilyrði að þátttaka í slíkum prófunum og reglufylgni við reglugerð (EB) nr. 561/2006 sé skilvirkt vöktuð og undir eftirliti.
- 14) Þar eð mikilvægt er að viðhalda öryggi á hæsta mögulega stigi ættu öryggisvottorð að vera gefin út af vottunarstofu sem viðurkennd er af stjórnarnefnd innan ramma samnings nefndar háttsettra embættismanna um öryggi upplýsingakerfa um gagnkvæma viðurkenningu vottorða um öryggismat í upplýsingatækni.
- Í tengslum við alþjóðasamskipti við þriðju lönd, ætti framkvæmdastjórnin ekki að viðurkenna neina vottunarstofu að því er varðar þessa reglugerð nema sú stofa bjóði sambærileg skilyrði fyrir öryggismati og gert er ráð fyrir í samningnum um gagnkvæma viðurkenningu. Í þessu tilliti skal treysta á ráðgjöf stjórnarnefndarinnar.
- 15) Ísetningarstofur og verkstæði gegna mikilvægu hlutverki hvað viðkemur öryggi ökurita. Því er rétt að mæla fyrir um tilteknar lágmarkskröfur um áreiðanleika þeirra og um viðurkenningu þeirra og úttektir á þeim. Að auki ættu aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að komið sé í veg fyrir hagsmunaaðreistra milli ísetningarstofa eða verkstæða og flutningafyrirtækja. Ekkert í þessari reglugerð kemur í veg fyrir að aðildarríki tryggi viðurkenningu, eftirlit og vottun þeirra með þeim verklagsreglum sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽⁷⁾, að því tilskildu að lágmarksviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð séu uppfylltar.
- 16) Til að tryggja skilvirkari grannskoðun og eftirlit með ökumannskortum og til að auðvelda verkefni eftirlitsmanna, ætti að koma á fót rafrænum landsskrám og kveða ætti á um samtengingu þessara skráa.

⁽⁵⁾ Dómasafn EB (ECR), 1994, bls. I-2497.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskiilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjóð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjóð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

- 17) Þegar aðildarríki ganga úr skugga um að öikumannskort séu aðeins til í einu eintaki ættu þau að nota verklagið sem er að finna í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB ⁽⁸⁾.
- 18) Taka ætti tillit til þeirra sérstöku aðstæðna þar sem aðildarríki ætti að geta veitt öikumanni sem hefur ekki fasta búsetu í aðildarríki eða í landi sem er samningsaðili að Evrópusamningi um störf áhafna ökutækja sem annast alþjóðlega flutninga á vegum frá 1. júlí 1970 („AETR-samningurinn“) tímabundið óendurnýjanlegt öikumannskort. Í slíkum tilfellum ættu hlutaðeigandi aðildarríki að beita að fullu viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 19) Að auki ætti aðildarríki að geta gefið út öikumannskort til öikumanna sem eru búsettir á yfirráðasvæði þess jafnvel þegar samningarnir gilda ekki um tiltekna hluta þess. Í slíkum tilfellum ættu hlutaðeigandi aðildarríki að beita að fullu viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 20) Eftirlitsmenn standa stöðugt frammi fyrir áskorunum vegna breytinga á ökuritum og nýrra aðferða við að hagræða gögnum. Til að tryggja skilvirkara eftirlit og til að bæta samhæfingu eftirlitsaðferða í öllu Sambandinu ætti að samþykka sameiginlega aðferðafræði fyrir grunnþjálfun og símenntun eftirlitsmanna.
- 21) Skráning ökuritans á gögnum, sem og þróun tækni til skráningar staðsetningargagna, fjarskipta og skilflata við skynvætt flutningakerfi, munu hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga. Því gilda viðeigandi reglur Sambandsins, einkum þær sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽⁹⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽¹⁰⁾.
- 22) Til að gefa færi á sanngjarnri samkeppni í þróun verkþúnaðar sem tengist ökuritum, ættu hugverkaréttindi og einkaleyfi sem tengjast sendingu gagna inn eða út úr ökuritum að vera aðgengileg öllum án réttahafgreiðslna.
- 23) Eftir atvikum ættu gögn sem skipst er á í samskiptum við eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjum að uppfylla viðkomandi alþjóðlega staðla, s.s. staðlaröðina sem tengist sérhæfðum, skammdrægum fjarskiptum sem komið var á af Staðlasamtökum Evrópu.
- 24) Til að tryggja sanngjarna samkeppni á innri markaðnum fyrir flutninga á vegum og til að senda skýr skilaboð til öikumanna og flutningafyrirtækja, ættu aðildarríki að leggja á viðurlög sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og án mismununar í samræmi við þá flokka brota sem skilgreindir eru í tilskipun 2006/22/EB með fyrirvara um nálægðarregluna.
- 25) Aðildarríki ættu að tryggja að val á ökutækjum til skoðunar fari fram án mismununar á grundvelli þjóðernis öikumanns eða þess lands þar sem atvinnuökutækið var skráð eða tekið í notkun.
- 26) Í þágu skýrrar, skilvirkrar, hóflegar og samræmdrar framkvæmdar félagsmálalöggjafar í flutningum á vegum ættu yfirvöld aðildarríkja að beita reglunum á samræmdan hátt.
- 27) Hvert aðildarríki ætti að upplýsa framkvæmdastjórnina uppgötvu það að sviksamleg tæki eða búnaður sé fánlegur til að hagræða gögnum ökurita, þ.m.t. um þann sem fánlegur er á Netinu og ætti framkvæmdastjórnin að upplýsa öll önnur aðildarríki um slíkar uppgötvunar.
- 28) Framkvæmdastjórnin ætti að starfrækja áfram þjónustuver sitt á Netinu, sem gerir öikumönnum, flutningafyrirtækjum, eftirlitsyfirvöldum og viðurkenndum ísetningarstofum, verkstæðum og ökutækjaframleiðendum kleift að koma á framfæri spurningum og áhyggjuefnum sem tengjast stafrænum ökuritum, þ.m.t. varðandi nýjar leiðir til að hagræða gögnum eða nýjar aðferðir við svik.
- 29) Með aðlögun á AETR-samningnum hefur notkun stafrænna ökurita verið gerð skyldubundin að því er varðar ökutæki skráð í þriðju löndum sem eru undirritunaraðilar að AETR-samningnum. Þar sem þessi lönd verða fyrir beinum áhrifum af þeim breytingum á ökuritum sem innleiddar eru með þessari reglugerð ættu þau að geta tekið þátt í skoðanaskiptum um tæknileg atriði, þ.m.t. varðandi kerfi til skiptast á upplýsingum um öikumannskort og verkstæðiskort. Því ætti að koma á fót samstarfsvettvangi um ökurita.

⁽⁸⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 13. janúar 2010 um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkja til að ganga úr skugga um að öikumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2010, bls. 10).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífis á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífisins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

- 30) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í tengslum við kröfur, skjá- og viðvörðunaraðgerðir og gerðarviðurkenningu ökurita, og einnig í tengslum við ítarleg ákvæði fyrir snjallökurita; þær verklagsreglur sem fylgja ætti við framkvæmd vettvangsprófana og þau eyðublað sem nota ætti til að hafa eftirlit með þessum vettvangsprófunum; staðlað eyðublað fyrir skriflega yfirlýsingu um hvers vegna innsigli er fjarlæggt; sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru til að tengja saman rafrænar skrár og aðferðafræði sem tilgreinir inntak grunnþjálfunar og símenntunar eftirlitsmanna. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹¹⁾.
- 31) Framkvæmdargerðir sem samþykktar eru að því er varðar þessa reglugerð og koma í stað ákvæða í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og annarra framkvæmdarráðstafana, ætti að samþykkja eigi síðar en 2. mars 2016. Ef þessar framkvæmdargerðir hafa einhverra hluta vegna ekki verið samþykktar tímanlega, skulu umbreytingarráðstafanir tryggja nauðsynlega samfellu.
- 32) Framkvæmdastjórnin ætti ekki að samþykkja framkvæmdargerðir sem um getur í þessari reglugerð ef nefndin sem um getur í þessari reglugerð skilar ekki álitum um drög að framkvæmdargerðinni sem framkvæmdastjórnin leggur fram.
- 33) Í tengslum við beitingu AETR-samningsins ber að skilja tilvísanir í reglugerð (EBE) nr. 3821/85 sem tilvísanir í þessa reglugerð. Sambandið mun íhuga hvaða ráðstafanir er viðeigandi að gera innan efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu til að tryggja nauðsynlegt samræmi milli þessarar reglugerðar og AETR-samningsins.
- 34) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹²⁾, og skilaði hún álitum 5. október 2011 ⁽¹³⁾.
- 35) Því ber að fella reglugerð (EBE) nr. 3821/85 úr gildi.

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB C 37, 10.2.2012, bls. 6.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR, GILDISSVIÐ OG KRÖFUR

1. gr.

Efni og meginreglur

1. Í þessari reglugerð eru settar fram skyldur og kröfur með tilliti til smíði, uppsetningar, notkunar, prófunar og eftirlits með ökuritum sem notaðir eru í flutningum á vegum, til að staðfesta að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 561/2006, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB ⁽¹⁴⁾ og tilskipunar ráðsins 92/6/EBE ⁽¹⁵⁾.

Ökuritar skulu að því er varðar smíði þeirra, uppsetningu, notkun og prófun, uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

2. Í þessari reglugerð eru sett fram skilyrði og kröfur fyrir því hvernig nota má upplýsingar og gögn, önnur en persónuupplýsingar, sem skráð, unnin eða geymd eru í ökuritum í öðrum tilgangi en til að staðfesta reglufylgni við þær gerðir sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar sem um getur í 1. mgr. skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda að því er varðar þessa reglugerð:

a) „ökuriti“ eða „skráningarbúnaður“: búnaður sem ætlaður er til uppsetningar í ökutækjum til að sýna, skrá, prenta, geyma og senda sjálfvirkt eða hálfjálfríkt upplýsingar um hreyfingu, þ.m.t. hraða, slíkra ökutækja í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og ítarlegar upplýsingar um aðgerðir ökumanna þeirra á tilteknum tímabilum,

b) „skráningarhluti ökurita“: ökuriti að undanskildum hreyfinema og köplum sem tengdir eru hreyfinema. Skráningarhluti ökurita getur verið stök eining eða nokkrar einingar dreifðar um ökutækið, að því tilskildu að hann uppfylli kröfur þessarar reglugerðar; skráningarhluti ökurita samanstendur m.a. af vinnslueiningu, gagnaminni, tímamælingaraðgerð, tveimur kortalesurum fyrir snjallkort fyrir ökumann og aðstoðarökumann, prentara, skjá, tengibúnaði og búnaði til að setja inn ílag frá notanda,

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan Bandalagsins (Stjtið. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27).

- c) „hreyfinemi“: hluti af ökurita sem gefur frá sér merki sem gefur til kynna hraða ökutækis og/eða ekna vegalengd, ökutækis, sem geyma skal í gagnaminni með notkun verkstæðiskorts,
- d) „ökuritakort“: snjallkort ætlað til notkunar í ökuritanum sem gerir ökuritanum kleift að auðkenna hlutverk korthafans og að flytja og geyma gögn, n) „niðurhal“: niðurhal úr stafrænum ökurita er afritun, ásamt stafrænni undirskrift, af gagnaskrá, í heild eða að hluta, sem geymdar eru í gagnaminni skráningarhluta ökurita eða í minni ökuritakorts að því tilskildu að þetta ferli breyti ekki eða eyði neinum geymdum gögnum,
- e) „ökuritaskífa“: skífa, hönnuð til að taka við og geyma skráð gögn, sem koma skal fyrir í hliðrænum ökurita og sem ritunaroddar hliðræna ökuritans skrá viðstöðulaust á þær upplýsingar sem skrásetja skal, o) „sértilvik“: óeðlileg aðgerð sem stafræni ökuritinn greinir og gæti stafað af tilraun til svika,
- f) „ökumannskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa tilteknum ökumanni sem auðkennir ökumanninn og gerir kleift að geyma gögn um starfsathafnir hans, p) „bilun“: óeðlileg aðgerð sem stafræni ökuritinn greinir og gæti stafað af ólagi eða bilun í búnaði,
- g) „hliðrænn ökuriti“: ökuriti sem notar ökuritaskífu í samræmi við þessa reglugerð, q) „uppsetning“: uppsetning ökurita í ökutæki,
- h) „stafrænn ökuriti“: ökuriti sem notar ökuritakort í samræmi við þessa reglugerð, r) „ógilt kort“: kort sem reynist bilað eða upprunaleg sannvottun hefur brugðist, fyrsti gildisdagur hefur ekki runnið upp eða fyrningardagsetning er liðin,
- i) „eftirlitskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa lögberu, landsbundnu eftirlitsyfirvaldi sem auðkennir eftirlitsaðilann, og einnig eftirlitsmanninn sé þess óskað, og sem veitir aðgang að gögnum sem eru geymd í gagnaminninu eða á ökumannskortunum, og á verkstæðiskortunum sé þess óskað, til aflestrar, prentunar og/eða niðurrhals, s) „reglubundin skoðun“: röð aðgerða sem framkvæmd er til að kanna að ökuriti starfi eðlilega, að stillingar hans samsvari breytum ökutækisins, og að enginn búnaður til að hagræða gögnum sé tengdur við ökuritann,
- j) „fyrirtækiskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa flutningafyrirtæki sem þarf að starfrækja ökutæki með ökurita sem auðkennir flutningafyrirtækið og gerir kleift að birta, hala niður og prenta gögnin sem eru geymd í ökuritanum sem þetta flutningafyrirtæki hefur læst, t) „viðgerð“: viðgerð á hreyfinema eða skráningarhluta ökurita sem krefst þess að aflgjafi hans sé aftengdur, eða hann sé aftengdur frá öðrum íhlutum ökuritans, eða að hreyfinemi eða skráningarhluti ökurita sé opnaður,
- k) „verkstæðiskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa starfsfólki ökuritaframleiðanda, ísetningarstofu, ökutækjafframleiðanda eða verkstæðis með tilskildar heimildir, sem aðildarríkið hefur viðurkennt, sem auðkennir korthafa og gerir kleift að prófa, kvarða og virkja ökurita og/eða hala niður úr þeim, u) „gerðarviðurkenning“: ferli fyrir aðildarríki til að votta, í samræmi við 13. gr., að ökuriti, viðkomandi íhlutir hans eða ökuritakort sem á að setja á markað uppfylli kröfur þessarar reglugerðar,
- l) „virkjun“: sá fasi þegar ökuriti verður að fullu starfhæfur og framkvæmir allir aðgerðir, þ.m.t. öryggisáðgerðir, með notkun verkstæðiskorts, v) „rekstrarsamhæfi“: geta kerfa og undirliggjandi viðskiptaferla til að skiptast á gögnum og deila upplýsingum,
- m) „kvörðun“: uppfærsla eða staðfesting breyta ökutækis í stafrænum ökurita, þ.m.t. auðkenni ökutækis og eiginleikar w) „skilflötur“: búnaður milli kerfa sem hefur að geyma miðilinn sem þau geta tengst og átt samskipti í gegnum,
- x) „tímamæling“: varanleg stafræn skráning á alheimstíma (UTC),
- y) „tímastilling“: sjálfvirk stilling rauntíma með reglulegu millibili og með einnar mínútu hámarksvikmörkum eða stilling sem framkvæmd er við kvörðun,

z) „opinn staðall“: staðall sem settur er fram í staðalforskriftarskjali, sem fánlegt er án endurgjalds eða fyrir lágmarksgjald, og sem leyfilegt er að afrita, dreifa eða nota endurgjaldslaust eða fyrir lágmarksgjald.

3. gr.

Gildissvið

1. Ökuritar skulu settir upp og notaðir í ökutækjum, sem eru skráð í aðildarríki og notuð til farþega- eða vöruflutninga á vegum og sem reglugerð (EB) nr. 561/2006 gildir um.

2. Aðildarríkjum er heimilt að veita ökutækjum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökutækjum undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar sem notuð eru í flutningastarfsemi sem hefur fengið undanþágu í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökutækjum undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar sem notuð eru í flutningastarfsemi sem hefur fengið undanþágu í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar á stað.

4. Fimmtán árum eftir að nýskráð ökutæki verða að hafa ökurita eins og kveðið er á um í 8., 9. og 10. gr., skulu ökutæki, sem starfrækt eru í öðru aðildarríki en skráningaraðildarríki þeirra, búin slíkum ökurita.

5. Ef um er að ræða innanlandsflutninga geta aðildarríkin krafist uppsetningar og notkunar ökurita í samræmi við þessa reglugerð í hverju því ökutæki þar sem uppsetningar og notkunar þeirra er annars ekki krafist skv. 1. mgr.

4. gr.

Kröfur og gögn sem skulu skráð

1. Ökuritar, þ.m.t. ytri ihlutir, ökuritakort og ökuritaskífur skulu uppfylla strangar tæknikröfur og aðrar kröfur til að gera rétta framkvæmd þessarar reglugerðar mögulega.

2. Ökuritar og ökuritakort skulu einnig uppfylla eftirfarandi kröfur:

Þau skulu:

— skrá gögn, sem skulu vera nákvæm og áreiðanleg, tengd ökumanni, starfsathöfnum ökumanns og ökutæki,

— vera örugg, og einkum ábyrgjast heilleika og uppruna þeirra gagnalinda sem skráðar eru og heimtar úr skráningarhlutum ökurita og hreyfinum,

— vera rekstrarsamhæfð milli mismunandi kynslóða skráningarhluta ökurita og ökuritakorta,

— gera kleift að sannprófa reglufylgni við þessa reglugerð og aðra viðeigandi lagagerninga með skilvirkum hætti,

— vera notendavæn.

3. Stafrænir ökuritar skulu skrá eftirfarandi gögn:

a) ekna vegalengd og hraða ökutækisins,

b) tímamælingu,

c) staðsetningarhnit eins og um getur í 1. mgr. 8. gr.,

d) nafn ökumannsins,

e) starfsathafnir ökumannsins,

f) eftirlits-, kvörðunar- og viðgerðargögn ökuritans, þ.m.t. auðkenni verkstæðisins,

g) sértílvik og bilanir.

4. Hliðrænir ökuritar skulu a.m.k. skrá gögnin sem um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr.

5. Aðgang að gögnum sem geymd eru í ökuritanum og á ökuritakortinu má hvenær sem er veita:

a) lögbærum eftirlitsyfirvöldum,

b) viðkomandi flutningafyrirtæki svo það geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar, einkum þær sem settar eru fram í 32. og 33. gr.

6. Niðurhal gagna skal fara fram með sem minnstri töf til flutningafyrirtækja eða ökumanna.

7. Gögn sem ökuritinn skráir og kunna að vera send inn eða út úr ökuritanum, hvort sem er þráðlaust eða rafrænt, skulu vera á forni samskiptareglna sem eru aðgengilegar öllum og skilgreindar í opnum stöðlum.

8. Til að tryggja að ökuritar og ökuritakort uppfylli meginreglur og kröfur þessarar reglugerðar, einkum þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja á grundvelli framkvæmdargerða ítarleg ákvæði sem nauðsynleg eru fyrir samræmda beitingu þessarar greinar, einkum ákvæði sem kveða á um tæknilegar leiðir til að uppfylla þessar kröfur. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

9. Ítarlegu ákvæðin sem um getur í 8. mgr. skulu eftir því sem við á vera byggð á stöðlum og skulu tryggja rekstrarsamhæfi og samrýmanleika milli mismunandi kynslóða skráningarhluta ökurita og allra ökuritakorta.

5. gr.

Aðgerðir stafræns ökurita

Eftirfarandi aðgerðir skulu tryggðar í stafrænum ökuritum:

- hraða- og vegalengdarmæling,
- vöktun starfsathafna ökumanns og áhafnarstöðu,
- vöktun ísetningar og úrtekta ökuritakorta,
- skráning handvirkra færslna ökumanna,
- kvörðun,
- sjálfvirk skráning staðsetningarhnitanna sem um getur í 1. mgr. 8. gr.,
- vöktun eftirlitsathafna,
- greining og skráning sértílvika og bilana,
- lestur úr gagnaminni og skráning og geymsla í gagnaminni,
- lestur af ökuritakortum og skráning og geymsla á ökuritakortum,
- birting, viðvörðun, prentun og niðurhal gagna á ytri búnað,
- tímastilling og -mæling,
- fjarskipti,
- stjórnun fyrirtækislása,
- innbyggðar prófanir og sjálfsprófanir.

6. gr.

Birting og viðvörðun

1. Upplýsingar sem geymdar eru í stafrænum ökuritum og ökuritakortum sem tengjast notkun ökutækis og öikumönnum og aðstoðarökumönnum skulu birtar á skýran, ótvíræðan hátt sem tekur mið af vinnuvistfræðilegum þáttum.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

- a) tími,
- b) vinnuhamur,
- c) starfsathafnir ökumanns:
 - ef yfirstandandi starfsathöfn er akstur, yfirstandandi, samfelldur aksturstími ökumanns og yfirstandandi uppsöfnuð hlé,
 - ef yfirstandandi starfsathöfn er tiltækileiki/önnur störf/hvöld eða hlé, yfirstandandi lengd þessarar starfsathafnar (frá því að hún var valin) og yfirstandandi, uppsöfnuð hlé,
- d) gögn sem tengjast viðvörðunum,
- e) gögn sem tengjast aðgangi að valmynd.

Birta má viðbótarupplýsingar að því tilskildu að þær séu skýrt aðgreindar frá upplýsingunum sem krafist er í þessari málsgrein.

3. Stafrænir ökuritar skulu vara ökumenn við þegar þeir greina sértílvik og/eða bilun og áður en og þegar farið er yfir leyfilegan, samfelldan hámarksakstur tíma til að greiða fyrir reglufylgni við viðeigandi löggjöf.

4. Viðvaranir skulu vera sjónrænar og mega einnig vera hljóðmerki. Viðvaranir skulu vara í a.m.k. 30 sekúndur nema notandinn meðtaki þær og slökkvi á þeim með því að styðja á einhvern hnapp á ökuritanum. Ástæða viðvörðunar skal birt og vera sýnileg þar til notandinn meðtekur hana með sérstökum kóða eða tiltekinni skipun í ökuritanum.

5. Til að tryggja að ökuritar uppfylli kröfur þessarar greinar varðandi birtingu og viðvaranir skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ítarleg ákvæði svo beita megi þessari grein á samræmdan hátt. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

7. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríki skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þessa reglugerð fari eingöngu fram í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 561/2006 í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB og undir eftirliti eftirlitsyrivalds aðildarríkisins sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Aðildarríki skulu einkum tryggja að persónuupplýsingar séu varðar gegn annarri notkun en þeirri sem tengist beint þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006 í samræmi við 1. mgr. í tengslum við:

— notkun hnattræns gervihnattaleiðsögukerfis til skráningar á staðsetningargögnum eins og um getur í 8. gr.,

— notkun fjaraskipta til eftirlits eins og um getur í 9. gr.,

— notkun ökurita með skilfleti eins og um getur í 10. gr.,

— rafræn upplýsingaskipti á ökumannskortum eins og um getur í 31. gr. og einkum skipti á slíkum gögnum yfir landamæri við þriðju lönd,

— skráahald flutningafyrirtækja eins og um getur í 33. gr.

3. Stafrænir ökuritar skulu hannaðir þannig að persónuvernd sé tryggð. Aðeins skal vinna gögn sem nauðsynleg eru að því er varðar þessa reglugerð.

4. Eigendur ökutækja, flutningafyrirtæki eða aðrir hlutað-eigandi aðilar skulu eftir atvikum hlíta viðkomandi ákvæðum um vernd persónuupplýsinga.

II. KAFLI

SNJALLÖKURITI

8. gr.

Skráning á staðsetningu ökutækis á tilteknum stöðum meðan á daglegum vinnutíma stendur

1. Til að greiða fyrir sannprófun á því að farið sé að ákvæðum viðkomandi löggjafar skal staðsetning ökutækisins skráð sjálfkrafa á eftirfarandi stöðum eða á þeim stað sem næstur er slíkum stöðum þar sem gervihnattamerki er til staðar:

— upphafsstað daglegs vinnutíma,

— á þriggja klukkustunda fresti í samanlögðum aksturstíma,

— endastað daglegs vinnutíma.

Í þeim tilgangi skulu ökutæki sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr. hafa ökurita sem tengdur er staðsetningarþjónustu sem byggir á leiðsögukerfi um gervihnött.

2. Að því er varðar tengingu ökurita við staðsetningarþjónustu sem byggir á leiðsögukerfi um gervihnött, eins og um getur í 1. mgr., skal einungis notast við þjónustutengingar sem nota staðsetningarþjónustu sem er án endurgjalds. Engin staðsetningargögn, önnur en þau sem eru á formi landhnita til að ákvarða staðina sem um getur í 1. mgr., skulu vistuð varanlega í ökuritanum þar sem það er mögulegt. Staðsetningargögn sem þarf að vista tímabundið til að gera sjálfvirka skráningu staðanna sem um getur í 1. mgr. mögulega eða til að staðfesta hreyfinemann skulu ekki vera aðgengileg notanda og skal eytt með sjálfvirkum hætti þegar þeirra er ekki lengur þörf í þeim tilgangi.

9. gr.

Snemmgreining með fjartengingu á hugsanlegri hagræðingu á gögnum eða misnotkun

1. Til að greiða fyrir markvissu vegaftirliti lögbærra eftirlitsyrivalda skulu ökuritar sem settir eru upp í ökutækjum sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr. geta átt samskipti við þessi yfirvöld þegar ökutækið er á ferð.

2. Fimmtán árum eftir að nýskráð ökutæki verða að hafa ökurita eins og kveðið er á um í þessari grein og í 8. og 10. gr., skulu aðildarríki sjá eftirlitsyrivöldum sínum að viðeigandi marki fyrir búnaði til snemmgreiningar með fjartengingu sem nauðsynlegur er til að heimila gagnasamskiptin sem um getur í þessari grein með tilliti til sértækra krafna þeirra um framfylgd og markmið. Fram að þeim tíma geta aðildarríki ákveðið hvort þau sjái eftirlitsyrivöldum sínum fyrir slíkum búnaði til snemmgreiningar með fjartengingu.

3. Samskiptunum sem um getur í 1. mgr. skal aðeins komið á við ökuritann þegar búnaður eftirlitsyrivalda krefst þess. Þau skulu vera örugg til að tryggja heilleika gagna og sannvottun skráningar- og eftirlitsbúnaðar. Aðgangur að þessum gagnasamskiptum skal takmarkaður við eftirlitsyrivöld sem hafa heimild til að kanna brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006 og þessari reglugerð og verkstæði að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að sannprófa að ökuritinn starfi rétt.

4. Gögnin sem skipst er á þegar samskiptin eiga sér stað skulu takmarkast við þau gögn sem nauðsynleg eru að því er varðar markvissu vegaftirlit með ökutækjum með ökurita þar sem hagræðing gagna eða misnotkun hefur hugsanlega átt sér stað. Slík gögn skulu tengjast eftirfarandi sértílikum eða gögnum sem skráð eru af ökuritanum:

— síðustu tilraun til öryggisbrots,

- lengsta rofi á straumi,
- bilun í nema,
- villu í hreyfigögnum,
- ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis,
- aksturs án gilds korts,
- ísetningu korts við akstur,
- tímastillingargögnum,
- kvörðunargögnum, þ.m.t. dagsetningu tveggja síðustu kvarðana,
- skráningarnúmeri ökutækis,
- hraða sem ökuritinn skráir.

5. Gögnin sem skipst er á skulu einungis notuð í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þau skulu ekki send til annarra aðila en yfirvalda sem stjórna öku- og hvíldartíma og dómsaðila þegar dómsmeðferð er yfirstandandi.

6. Eftirlitsyfirvöld mega aðeins geyma gögnin meðan að á vegaeftirlitinu stendur og skal þeim eytt eigi síðar en þremur klukkustundum eftir að þau eru send, nema að gögnin gefi til kynna að hagræðing gagna eða misnotkun ökuritans hafi hugsanlega átt sér stað. Gögnunum sem send voru skal eytt ef hagræðing eða misnotkun er ekki staðfest við vegaeftirlitið sem fylgir í kjölfarið.

7. Flutningafyrirtæki sem starfrækja ökutæki skulu vera ábyrg fyrir því að upplýsa ökumenn um möguleikann á að fjarskipti muni eiga sér stað svo snemmgreina megi mögulega hagræðingu gagna eða misnotkun ökurita.

8. Ekki skal koma til þess að snemmgreining með fjartengingu af þeirri gerð sem lýst er í þessari grein leiði til þess að ökumaður eða flutningafyrirtæki sé beitt sjálfvirkum sektum eða viðurlögum. Lögbert eftirlitsyfirvald getur ákveðið, á grundvelli gagnaskiptanna, að framkvæma athugun á ökutækinu og ökuritanum. Útkoma fjarskiptanna skal ekki koma í veg fyrir að eftirlitsyfirvöld framkvæmi vegaeftirlit samkvæmt slembiúrtaki byggt á áhættumatskerfinu sem innleitt er með 9. gr. tilskipunar 2006/22/EB.

10. gr.

Skilflötur við skynvædd flutningakerfi

Ökuritar ökutækja sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr.

mega vera búnir stöðluðum skilflötum sem gera ytri búnaði kleift að nota gögn sem skráð eru eða verða til í ökuritanum í vinnsluham að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) skilflöturinn hefur ekki áhrif á áreiðanleika og heilleika gagna ökuritans,
- b) skilflöturinn uppfyllir ítarlegu ákvæðin í 11. gr.,
- c) ytri búnaðurinn sem tengdur er við skilflötinn hefur aðeins aðgang að persónuupplýsingum, þ.m.t. staðsetningargögnum, eftir sannanlegt samþykki ökumannsins sem gögnin tengjast.

11. gr.

Ítarleg ákvæði fyrir snjallökurita

Til að tryggja að snjallökuritar uppfylli þær meginreglur og kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ítarleg ákvæði sem nauðsynleg eru svo beita megi 8., 9. og 10. gr. á samræmdan hátt að undanskildum ákvæðum sem myndu kveða á um skráningu ökuritans á frekari gögnum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

Ítarlegu ákvæðin sem um getur í fyrstu málsgrein skulu:

- a) í tengslum við framkvæmd aðgerða snjallökuritans eins og um getur í þessum kafla, innihalda nauðsynlegar kröfur til að tryggja öryggi, nákvæmni og áreiðanleika gagna sem miðlað er til ökuritans af staðsetningarþjónustu um gervihnött og fjarskiptatækninni sem um getur í 8. og 9. gr.,
- b) tilgreina skilyrði og kröfur um að staðsetningarþjónusta um gervihnött og fjarskiptatæknin sem um getur í 8. og 9. gr. sé annað hvort utan við eða innbyggð í ökuritann, og þegar hún er utan við hann, tilgreina skilyrðin fyrir notkun staðsetningarmerkisins um gervihnött sem viðbótarhreyfinema,
- c) tilgreina nauðsynlega staðla fyrir skilflötinn sem um getur í 10. gr. Slikir staðlar mega innihalda ákvæði um dreifingu aðgangsréttar ökumanna, verkstæða og flutningafyrirtækja og eftirlitshlutverk gagna sem skráð eru af ökuritanum, hvaða eftirlitshlutverk skulu byggð á auðkenningar-/heimildartilhögun sem er skilgreind fyrir skilflötinn, s.s. vottorði fyrir hvert aðgangsstig og með fyrirvara um hvort það sé framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti.

III. KAFLI

GERÐARVIÐURKENNING*12. gr.***Umsóknir**

1. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra skulu leggja fram umsókn um viðurkenningu á gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts til þeirra gerðarviðurkenningaryfirvalda sem tilnefnd hafa verið af sérhverju aðildarríki.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni nafn og samskiptaupplýsingar tilnefndu yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 2. mars 2015 og uppfæra eftir það eins og nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilnefnd gerðarviðurkenningaryfirvöld á vefsetri sínu og halda henni uppfærðri.

3. Umsókn um gerðarviðurkenningu skulu fylgja viðeigandi forskriftir, þ.m.t. nauðsynlegar upplýsingar varðandi innsigli, og öryggis-, virkni- og rekstrarsamhæfisvottorð. Öryggisvottorðið skal gefið út af viðurkenndri vottunarstofu sem tilnefnd er af framkvæmdastjórninni.

Virknivottorð skulu gefin út til framleiðanda af gerðarviðurkenningaryfirvaldinu.

Rekstrarsamhæfisvottorðið skal gefið út af einni rannsóknarstofu sem er undir stjórn og á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar.

4. Að því er varðar ökurita, viðeigandi íhluti þeirra og ökuritakort:

a) skal öryggisvottorðið votta eftirfarandi fyrir skráningarhluta ökurita, ökuritakort, hreyfinema og tengingu við móttöku-búnað hnattræna gervihnattaleiðsögukerfisins þegar hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið er ekki innbyggt í skráningarhluta ökurita:

i. að þau uppfylli öryggismarkmið,

ii. að eftirfarandi öryggisaðgerðir hafi verið framkvæmdar: auðkenning og sannvottun, heimild, leynd, rekjanleg ábyrgð, heilleiki, úttekt, nákvæmni og áreiðanleiki þjónustu,

b) skal virknivottorðið votta að prófaði hluturinn uppfylli viðeigandi kröfur að því er varðar aðgerðir sem framkvæmdar eru, umhverfiseiginleika, rafsegulsviðs-samhæfiseiginleika, reglufylgni við efnislegar kröfur og reglufylgni við aðra viðeigandi staðla,

c) skal rekstrarsamhæfisvottorðið votta að prófaði hluturinn sé fyllilega rekstrarsamhæfur við nauðsynlega ökurita eða fyrirmyndir að ökuritakortum.

5. Allar breytingar á hugbúnaði eða vélbúnaði ökuritans eða á eðli þeirra efna sem notuð eru til framleiðslu hans skulu tilkynntar til yfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir búnaðinn áður en þær eru gerðar. Það yfirvald skal staðfesta við framleiðandann rýmkun gerðarviðurkenningarinnar eða kann að fara fram á uppfærslu eða staðfestingu á viðeigandi virkni-, öryggis- og/eða rekstrarsamhæfisvottorðum.

6. Ekki má leggja umsókn að því er varðar hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts fyrir fleiri en eitt aðildarríki.

7. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja ítarleg ákvæði svo beita megj þessari grein á samræmdan hátt. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

*13. gr.***Veiting gerðarviðurkenningar**

Aðildarríki skal veita gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 11. gr. að því tilskildu að aðildarríkið sé í þeirri aðstöðu að geta kannað að framleidd eintök samræmist viðurkenndu gerðinni.

Sé viðurkenndri gerð breytt eða bætt við hana verður hún að fá viðbótargerðarviðurkenningu frá aðildarríkinu sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna.

*14. gr.***Gerðarviðurkenningarkerki**

Aðildarríki skulu gefa út til handa umsækjanda gerðarviðurkenningarkerki sem samræmist fyrirframákveðinni fyrirmynd fyrir hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti sem þau viðurkenna skv. 13. gr. og II. viðauka. Slíkar fyrirmyndir skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni með framkvæmdargerðum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

*15. gr.***Viðurkenning eða synjun**

Lögbær yfirvöld aðildarríkis sem umsókn um gerðarviðurkenningu hefur verið lögð fyrir skulu að því er varðar hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti sem þau viðurkenna senda innan eins mánaðar afrit af gerðarviðurkenningavottorðinu ásamt afritum af viðeigandi forskriftum, þ.m.t. þeim sem tengjast innsiglundum, til yfirvalda í hinum aðildarríkjunum. Ef lögbær yfirvöld samþykkja ekki umsókn um gerðarviðurkenningu skulu þau tilkynna yfirvöldum hinna aðildarríkjanna að viðurkenningu hafi verið synjað og rökstyðja ákvörðun sína.

*16. gr.***Reglufylgni búnaðar við gerðarviðurkenningu**

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu eins og kveðið er á um í 13. gr. kemst að raun um að skráningarhlutar ökurita, hreyfinemar, ökuritaskífur eða ökuritakort sem bera gerðarviðurkenningarmerkið sem það gaf út samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Ráðstafanirnar sem gripið er til geta, ef nauðsyn krefur, tekið til afturköllunar á gerðarviðurkenningu.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal afturkalla slíka viðurkenningu ef skráningarhluti ökurita, hreyfinemi, ökuritaskífa eða ökuritakort sem hefur verið viðurkennt samræmist ekki þessari reglugerð eða ef galli kemur í ljós við notkun sem gerir það að verkum að það nýtist ekki í þeim tilgangi sem það er ætlað.

3. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu berst tilkynning frá öðru aðildarríki um eitt af þeim tilfellum sem um getur í 1. eða 2. mgr. skal það að höfðu samráði við aðildarríkið sem leggur fram tilkynninguna grípa til þeirra ráðstafana sem mælt er fyrir um í þeim málsgreinum, með fyrirvara um 5. mgr.

4. Komist aðildarríki að raun um að eitt af tilfellunum sem um getur í 2. mgr. sé komið upp má það banna að setja á markað og taka í notkun þann skráningarhluta ökurita, hreyfinema, ökuritaskífu eða ökuritakort sem um er að ræða þangað til annað er ákveðið. Sama gildir í tilvikum sem um getur í 1. mgr, að því er varðar skráningarhluta ökurita, hreyfinema, ökuritaskífur eða ökuritakort sem hafa verið undanþegin ESB-frumsannprófun, ef framleiðandi, þrátt fyrir tilhlýðilegar viðvaranir, lagar ekki búnaðinn að gerð sem hefur hlotið viðurkenningu eða að kröfum þessarar reglugerðar.

Í öllum tilvikum skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni innan eins mánaðar um afturköllun gerðarviðurkenningar eða aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 1., 2. eða 3. mgr. og tilgreina ástæður fyrir slíkum aðgerðum.

5. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu efast um að tilfellið sem tilgreind eru í 1. eða 2. mgr. og hafa verið tilkynnt til þess séu komin upp, skulu viðkomandi aðildarríki leitast við að leysa úr deilunni og skal framkvæmdastjórnin upplýst um það.

Ef viðræður milli aðildarríkjanna hafa ekki leitt til samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin að höfðu samráði við sérfræðinga frá öllum aðildarríkjum og að teknu tilliti til allra viðkomandi þátta, s.s. efnahagslegra og tæknilegra þátta, samþykkja, innan sex mánaða frá því að fjögurra mánaða tímabilinu lýkur, ákvörðun sem skal tilkynnt viðkomandi

aðildarríkjum og á sama tíma send til hinna aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal í hverju tilviki mæla fyrir um tímamörk fyrir framkvæmd ákvörðunar sinnar.

*17. gr.***Viðurkenning á ökuritaskífum**

1. Umsækjandi um gerðarviðurkenningu fyrirmyndar að ökuritaskífu skal taka fram á umsóknareyðublaði á hvaða gerð eða gerðum hliðrænna ökurita ökuritaskífan sem um er að ræða er hönnuð til notkunar og skal útvega viðeigandi búnað af þeirri gerð eða gerðum til að prófa ökuritaskífuna.

2. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu tilgreina á viðurkenningarvottorði fyrirmyndar að ökuritaskífu á hvaða gerð eða gerðum hliðrænna ökurita nota má fyrirmyndina að ökuritaskífunni.

*18. gr.***Rökstuðningur ákvarðana um synjun**

Allar ákvarðanir samkvæmt þessari reglugerð sem synja um eða afturkalla viðurkenningu á gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti skulu tilgreina nákvæmlega ástæðurnar sem þær eru byggðar á. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila sem skal á sama tíma tilkynnt um þau lagaúrræði sem tiltæk eru samkvæmt lögum í hlutaðeigandi aðildarríki og um frestinn til að nýta slík lagaúrræði.

*19. gr.***Viðurkenning gerðarviðurkenndra ökurita**

Aðildarríki skulu ekki synja um skráningu ökutækis með ökurita eða banna að slíkt ökutæki sé tekið í notkun eða notað af ástæðu sem tengist því að ökutækið er með slíkan búnað, ef búnaðurinn er merktur með gerðarviðurkenningarmerkinu sem um getur í 14. gr. og uppsetningarplötunni sem um getur í 4. mgr. 22. gr.

*20. gr.***Öryggi**

1. Framleiðendur skulu hanna, prófa og endurskoða skráningarhluta ökurita, hreyfinema og ökuritakort sem sett eru í framleiðslu þannig að hægt sé að greina veikleika á öllum stigum lífsferlis vörunnar og skulu koma í veg fyrir eða draga úr hugsanlegri misnotkun þeirra. Aðildarríkið sem veitti viðurkenningarvottorðið skal mæla fyrir um tíðni prófana innan tímamarka sem ekki skulu vera lengri en tvö ár.

2. Framleiðendur skulu í þessum tilgangi leggja fram þau skjöl sem nauðsynleg eru til að greina veikleika fyrir vottunarstofuna sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal vottunarstofan sem um getur í 3. mgr. 12. gr. framkvæma prófanir á skráningarhlutum ökurita, hreyfinemum og ökuritakortum til að staðfesta að einstaklingar sem búa yfir þekkingu sem aðgengileg er öllum geti ekki fært sér þekktu veikleika í nyt.

4. Ef veikleikar koma í ljós í kerfisþáttum (skráningarhlutum ökurita, hreyfinum og ökuritakortum) á meðan á prófununum sem um getur í 1. mgr. stendur skulu þeir þættir ekki settir á markað. Ef veikleikar koma í ljós í þáttum sem þegar eru á markaði á meðan á prófununum sem um getur í 3. mgr. stendur skal framleiðandi eða vottunarstofa upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna þar um. Þessi lögbæru yfirvöld skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að tekið sé á vandamálinu, einkum af framleiðandanum, og upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um veikleikana sem komið hafa í ljós og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru eða gripið hefur verið til, þ.m.t. ef nauðsyn krefur afturköllun gerðarviðurkenningar í samræmi við 2. mgr. 16. gr.

21. gr.

Vettvangsprófanir

1. Aðildarríki geta heimilað vettvangsprófanir á ökuritum sem hafa ekki enn verið gerðarviðurkenndir. Aðildarríki skulu viðurkenna slíkar heimildir fyrir vettvangsprófunum með gagnkvæmum hætti.
2. Ökumenn og flutningafyrirtæki sem taka þátt í vettvangsprófun skulu uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Til að sýna fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skulu ökumenn fylgja verklagsreglunni sem sett er fram í 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar.
3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um verklagsreglur sem fylgja skal við framkvæmd vettvangsprófana og þau eyðublað sem nota skal til eftirlits með þessum vettvangsprófunum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

IV. KAFLI

UPPSETNING OG SKOÐUN

22. gr.

Uppsetning og viðgerð

1. Einungis ísetningarstofur, verkstæði eða framleiðendur ökutækja sem hafa verið viðurkenndir af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í þeim tilgangi í samræmi við 24. gr. mega setja upp eða gera við ökurita.
2. Viðurkenndar ísetningarstofur, verkstæði eða framleiðendur ökutækja skulu, í samræmi við forskriftirnar í gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í 15. gr., innsigla ökuritann eftir að hafa gengið úr skugga um að hann starfi rétt og einkum þannig að tryggt sé að enginn búnaður til að hagræða gögnum geti átt við eða breytt þeim gögnum sem skráð eru.
3. Viðurkennd ísetningarstofa, verkstæði eða framleiðandi ökutækis skal setja sérstakt merki á innsiglin sem hann festir á og auk þess færa inn til viðbótar rafrænu öryggisupplýsingarnar fyrir stafræna ökurita til að framkvæma sannvottunarathuganir. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þau merki og þær

rafrænu öryggisupplýsingar sem notaðar eru auk nauðsynlegra upplýsinga sem tengjast rafrænu öryggisupplýsingunum sem notaðar eru. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum aðgang að þeim upplýsingum sé þess óskað.

4. Í þeim tilgangi að votta að uppsetning ökuritans hafi farið fram í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal uppsetningarplötu komið fyrir þannig að hún sé auðsjáanleg og aðgengi að henni auðvelt.

5. Íhlutir ökurita skulu innsiglaðir eins og tilgreint er í gerðarviðurkenningarvottorði. Allar tengingar við ökuritann sem eru hugsanlega berskjaldaðar gegn því að átt sé við þær, þ.m.t. tengingin á milli hreyfinemans og girkassans, og uppsetningarplatan ef við á, skulu innsiglaðar.

Innsigli skal aðeins fjarlæggt eða rofið:

- af ísetningarstofum eða verkstæðum sem viðurkennd hafa verið af lögbærum yfirvöldum skv. 24. gr. til viðgerða, viðhalds eða endurkvörðunar ökuritans, eða af eftirlitsmönnum sem hafa fengið tilhlýðilega þjálfun, og þar sem við á heimild, í eftirlitsskyni,
- í þeim tilgangi að gera breytingu eða viðgerð á ökutæki sem hefur áhrif á innsiglið. Í þeim tilvikum skal geyma skriflega yfirlýsingu um borð í ökutækinu þar sem fram kemur dagsetningin og tíminn þegar innsiglið var rofið og ástæðurnar fyrir því að það var fjarlæggt. Framkvæmdastjórnin skal þróa staðlað eyðublað fyrir skriflegu yfirlýsinguna með framkvæmdargerðum.

Í öllum tilvikum skal viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði koma fyrir nýjum innsiglium án ótilhlýðilegrar tafar og í síðasta lagi innan sjö daga frá því að þau voru fjarlægð.

Viðurkennt verkstæði skal framkvæma athugun og kvörðun á ökuritanum áður en innsiglium er komið fyrir á ný.

23. gr.

Skoðun ökurita

1. Ökuritar skulu gangast undir reglubundna skoðun af hálfu viðurkenndra verkstæða. Reglubundnar skoðanir skulu að lágmarki fara fram annað hvert ár.
2. Í skoðununum sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. kanna eftirfarandi:
 - að ökuritinn sé rétt uppsettur og viðeigandi fyrir ökutækið,
 - að ökuritinn starfi rétt,
 - að ökuritinn beri gerðarviðurkenningamerkið,
 - að uppsetningarplatan sé áfest,

- að öll innsigli séu heil og rétt fest á,
- að enginn búnaður til að hagræða gögnum sé tengdur við ökuritann eða einhver merki séu um notkun slíks búnaðar,
- stærð hjólbarða og raunverulegt ummál hjólbarðanna.

3. Verkstæði skulu gera skoðunarskýrslu yfir þau tilvik þegar hefur þurft að laga frávik í virkni ökuritans, hvort sem það hefur verið í kjölfar reglubundinnar skoðunar eða skoðunar sem framkvæmd hefur verið að sérstakri beiðni lögbærs landsyfirlvalds. Þau skulu halda skrá yfir allar skoðunarskýrslur sem gerðar hafa verið.

4. Skoðunarskýrslur skal geyma í a.m.k. tvö ár frá því að skýrslan var gerð. Aðildarríki skulu ákveða hvort skoðunarskýrslum skuli haldið eftir eða þær sendar lögbæru yfirvaldi á þessu tímabili. Í tilvikum þar sem skoðunarskýrslur eru geymdar af verkstæði, skal verkstæðið veita aðgang að skoðunarskýrslunum og kvörðunum sem framkvæmdar hafa verið á tímabilinu að ósk lögbærs yfirvalds.

24. gr.

Viðurkenning ísetningarstofa, verkstæða og framleiðenda ökutækja

1. Aðildarríki skulu viðurkenna, hafa reglubundið eftirlit með og votta þær ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur sem mega annast uppsetningu, eftirlit, skoðanir og viðgerðir á ökuritum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur séu hæfir og áreiðanlegir. Í þeim tilgangi skulu þau koma á og birta skýrar landsbundnar málsmeðferðarreglur og tryggja að eftirfarandi lágmarksviðmiðanir séu uppfylltar:

- a) að starfsfólk hafi hlotið tilhlýðilega þjálfun,
- b) að búnaður sem nauðsynlegur er til að framkvæma viðeigandi prófanir og verkefni sé tiltækur,
- c) að ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur hafi óflekkað mannorð.

3. Úttektir á viðurkenndum ísetningarstofum eða verkstæðum skulu framkvæmdar sem hér segir:

- a) viðurkenndar ísetningarstofur eða verkstæði skulu gangast undir úttekt á þeim verklagsreglum sem þau beita við meðhöndlun ökurita að lágmarki annað hvert ár. Úttektin

skal einkum beinast að þeim öryggisráðstöfunum sem gerðar eru og meðhöndlun verkstæðiskorta. Aðildarríki geta framkvæmt þessar úttektir án vettvangsheimsóknar,

- b) fyrirvaralausar tæknilegar úttektir á viðurkenndum ísetningarstofum skulu einnig fara fram til að kanna þá kvörðun, skoðanir og uppsetningar sem framkvæmda eru. Þessar úttektir skulu taka til a.m.k. 10% viðurkenndra ísetningarstofa og verkstæða á ári.

4. Aðildarríki og lögbær yfirvöld þeirra skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli ísetningarstofa eða verkstæða og flutningafyrirtækja. Einkum skal gera frekari sértækar ráðstafanir þar sem mikil hættu er á hagsmunaárekstri til að tryggja að ísetningarstofa eða verkstæði fari að ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins skulu senda til framkvæmdastjórnarinnar árlega, með rafrænum hætti ef unnt er, skrá yfir viðurkenndar ísetningarstofur og verkstæði og kort sem gefin eru út til þeirra. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar skrár á vefsetri sínu.

6. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu afturkalla viðurkenningar, annað hvort tímabundið eða varanlega, frá ísetningarstofum, verkstæðum og ökutækjaframleiðendum sem uppfylla ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

25. gr.

Verkstæðiskort

1. Gildistími verkstæðiskorta skal ekki vera lengri en eitt ár. Þegar verkstæðiskort er endurnýjað, skal lögbært yfirvald tryggja að viðmiðanirnar sem taldar eru upp í 2. mgr. 24. gr. séu uppfylltar af ísetningarstofunni, verkstæðinu eða ökutækjaframleiðandanum.

2. Lögbæra yfirvaldið skal endurnýja verkstæðiskort innan 15 virkra daga frá móttöku gildrar beiðni um endurnýjun og allra nauðsynlegra skjala. Ef verkstæðiskort skemmist, bilar, týnist eða er stolið, skal lögbært yfirvald láta í té nýtt kort í staðinn innan fimm virkra daga frá því að hafa tekið við ítarlegri beiðni þar um. Lögbær yfirvöld skulu halda skrá yfir týnd, stolin eða gölluð kort.

3. Ef aðildarríki afturkallar viðurkenningu ísetningarstofu, verkstæðis eða ökutækisframleiðanda eins og kveðið er á um í 24. gr., skal það líka afturkalla verkstæðiskortið sem gefið var út til viðkomandi.

4. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að verkstæðiskort sem dreift er til samþykktra ísetningarstofa, verkstæða og ökutækjaframleiðenda séu fölsuð.

V. KAFLI

ÖKUMANNSKORT

26. gr.

Útgáfa ökumanskorta

1. Ökumannskort skulu gefin út að beiðni ökumanns af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu. Þau skulu gefin út innan eins mánaðar frá því að lögbæra yfirvaldið tekur á móti beiðninni og öllum nauðsynlegum skjölum.

2. Í þessari grein merkir „föst búseta“ staðinn þar sem einstaklingur býr að jafnaði, þ.e.a.s. í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- og atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða einstakling sem hefur engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna að einstaklingurinn er nátengdur staðnum þar sem hann býr.

Föst búseta einstaklings sem hefur atvinnutengsl annars staðar en persónutengsl og dvelur þar af leiðandi til skiptis á mismunandi stöðum í tveimur eða fleiri aðildarríkjum telst þó vera þar sem hann hefur persónutengsl, að því tilskildu að hann snúi aftur þangað með reglubundnu millibili. Ekki þarf að uppfylla þetta síðasta skilyrði þegar einstaklingur dvelur í aðildarríki vegna tímabundins verkefnis.

3. Ökumenn skulu sanna fasta búsetu sína með viðeigandi hætti, t.d. persónuskilríkjum eða öðrum gildum skjölum. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem gefur út ökumannskortin efast um lögmæti yfirlýsingar um fasta búsetu, eða vegna ákveðins sértæks eftirlits, geta þau krafist viðbótarupplýsinga eða sönnunargagna.

4. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum er aðildarríkjum heimilt að gefa út tímabundið og óendurnýjanlegt ökumannskort sem gildir að hámarki í 185 daga til ökumanns sem hefur ekki fasta búsetu í aðildarríki eða í ríki sem er samningsaðili að AETR-samningnum að því tilskildu að slíkur ökumaður tengist í gegnum vinnulöggjöf fyrirtæki sem hefur staðfestu í aðildarríkinu sem gefur það út og, að því marki sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009⁽¹⁶⁾ gildir, framvísi ökumannsvottorði eins og um getur í þeirri reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli gagna sem aðildarríki veita, fylgjast grannt með beitingu þessarar málsgreinar. Hún skal gera skýrslu um niðurstöður sínar annað hvert ár fyrir Evrópuþingið og ráðið, og skal einkum kanna hvort tímabundin

ökumannskort hafi neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn, og hvort tímabundin kort séu að jafnaði gefin út til nafngreindra ökumanna oftár en einu sinni. Framkvæmdastjórnin getur lagt fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf til að endurskoða þessa málsgrein.

5. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem gefur út kortið skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umsækjandi sé ekki þegar handhafi gilds ökumannskorts og skulu persónutengja ökumannskortið og tryggja að upplýsingarnar séu sýnilegar og öruggar.

6. Ökumannskort skal ekki gilda lengur en í fimm ár.

7. Gilt ökumannskort skal ekki afturkallað eða fellt úr gildi tímabundið nema lögbær yfirvöld aðildarríkis komist að því að kortið hafi verið falsað, eða að kortið tilheyri ekki ökumanninum, eða að kortið hafi verið fengið með röngum upplýsingum og/eða fölsuðum skjölum. Ef ráðstafanir til að fella kort tímabundið úr gildi eða afturkalla það eru gerðar af aðildarríki öðru en útgáfuaðildarríki skal hið fyrrnefnda skila kortinu til yfirvalda aðildarríkisins sem gaf það út eins fljótt og auðið er og tilgreina ástæðurnar fyrir því að það var afturkallað eða fellt tímabundið úr gildi. Ef búist er við að það taki meira en tvær vikur að skila kortinu, skal aðildarríkið sem fellir kortið tímabundið úr gildi eða afturkallar það upplýsa útgáfuaðildarríkið innan þessara tveggja vikna um ástæðurnar fyrir tímabundnu niðurfellingunni eða afturkölluninni.

8. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ökumannskort séu fölsuð.

9. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki gefi út ökumannskort til ökumanns sem hefur fasta búsetu í einhverjum hluta yfirráðasvæðis þess aðildarríkis þar sem sáttmálinn um Evrópusambandið og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki að því tilskildu að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar sé beitt í slíkum tilvikum.

27. gr.

Notkun ökumanskorta

1. Ökumannskortið er bundið einstaklingi.

2. Ökumaður má aðeins vera handhafi eins gilds ökumannskorts og ökumanni er aðeins heimilt að nota sitt eigið persónutengda ökumannskort. Ökumaður skal ekki nota ökumannskort sem er gallað eða fallið úr gildi.

28. gr.

Endurnýjun ökumanskorta

1. Ef ökumaður óskar þess að endurnýja ökumannskort sitt, skal hann sækja um það til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu eigi síðar en 15 virkum dögum áður en kortið fellur úr gildi.

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

2. Þegar um er að ræða endurnýjun, og aðildarríkið þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu er annað en það sem gaf út gildandi kort hans, og yfirvöld í fyrrnefnda aðildarríkinu fá beiðni um að endurnýja ökumannskortið, skulu þau tilkynna yfirvöldunum sem gáfu fyrra kortið út um ástæður endurnýjunarinnar.

3. Ef beiðni berst um endurnýjun korts sem er alveg við að falla úr gildi skal lögbært yfirvald gefa út nýtt kort, að því tilskildu að beiðnin hafi verið send innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

29. gr.

Stolin, týnd eða gölluð ökumannskort

1. Útgáfuyfirvöld skulu halda skrár yfir útgefin, stolin, týnd eða gölluð ökumannskort a.m.k. jafnlengi og sem nemur gildistíma þeirra.

2. Ef ökumannskort skemmist eða það bílar skal ökumaður skila því til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu. Þjófnaður ökumannskorts skal tilkynntur með formlegum hætti til lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem þjófnaðurinn átti sér stað.

3. Tapist ökumannskort skal það tilkynnt með formlegri yfirlýsingu til lögbærra yfirvalda útgáfuaðildarríkisins og til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu ef það er annað.

4. Ef ökumannskort skemmist, bílar eða týnist eða er stolið skal ökumaðurinn sækja um nýtt innan sjö almanaksdaga til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu. Þessi yfirvöld skulu útvega nýtt kort innan átta virkra daga eftir að hafa móttekið ítarlega beiðni þar um.

5. Við þær aðstæður sem settar eru fram í 4. mgr. er ökumanni heimilt að aka áfram án ökumannskorts í að hámarki 15 almanaksdaga eða í lengri tíma ef það er nauðsynlegt til að ökutækið komist aftur á það athafnasvæði þaðan sem það er starfrækt að því tilskildu að ökumaðurinn geti sannað að ómögulegt sé að reyiða fram eða nota kortið á því tímabili.

30. gr.

Gagnkvæm viðurkenning og skipti á ökumannskortum

1. Ökumannskort sem gefin eru út í aðildarríkjunum skulu viðurkennd gagnkvæmt af aðildarríkjunum.

2. Hafi handhafi gilds, landsbundins ökumannskorts, sem er gefið út í aðildarríki, tekið sér fasta búsetu í öðru aðildarríki

getur hann farið þess á leit að fá samsvarandi ökumannskort í skiptum fyrir það. Það skal vera á ábyrgð aðildarríkisins sem framkvæmir skiptin að sannreyna hvort kortið sem lagt er fram sé enn gilt.

3. Aðildarríki sem framkvæma skipti skulu skila gamla kortinu til yfirvalda útgáfuaðildarríkisins og tilgreina ástæðurnar fyrir því.

4. Láti aðildarríki ökumannskort koma í stað annars eða skipti út korti ber að skrá slíkt í því sama aðildarríki og ætíð síðar þegar slíkt umskipti eða endurnýjun fer fram.

31. gr.

Rafræn skipti á upplýsingum á ökumannskortum

1. Til að tryggja að umsækjandi sé ekki þegar handhafi gilds ökumannskorts eins og um getur í 26. gr., skulu aðildarríki halda úti rafrænum landsskrám sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar af ökumannskortum, þ.m.t. þær sem um getur í 4. mgr. 26. gr., a.m.k. jafnlengi og sem nemur gildistíma þeirra:

— eftirnafn og skirnarnafn ökumanns,

— fæðingardag, og sé hann tiltækur, fæðingarstað ökumanns,

— gilt ökuskírteinisnúmer og útgáfuland ökuskírteinisins (ef við á),

— stöðu ökumannskorts,

— númer ökumannskorts.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rafrænu skrárnar séu samtengdar og aðgengilegar í öllu Sambandinu með notkun upplýsingamiðlunarkerfisins TACHOnet sem um getur í tilmælum 2010/19/ESB eða samhæfðu kerfi. Ef notað er samhæft kerfi, skal vera mögulegt að skiptast á rafrænum gögnum við öll önnur aðildarríki í gegnum TACHOnet-kerfið.

3. Þegar aðildarríki gefa út, skipta út, eða ef nauðsyn krefur, endurnýja ökumannskort, skulu þau sannprófa með skiptum á rafrænum gögnum að ökumaður sé ekki þegar handhafi annars gilds ökumannskorts. Skipti á gögnum skulu takmarkast við þau gögn sem nauðsynleg eru vegna þessarar sannprófunar.

4. Eftirlitsmenn mega hafa aðgang að rafrænu skránni til að kanna stöðu ökumannskorts.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtenginguna sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. snið gagna sem skipst er á, tæknilegar verklagsreglur við rafræna leit í rafrænum landsskrám, aðgangsreglur og öryggisfyrirkomulag. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

VI. KAFLI

NOTKUN BÚNAÐAR

32. gr.

Rétt notkun ökurita

1. Flutningafyrirtæki og ökumenn skulu tryggja að stafrænir ökuritar og ökumannskort starfi rétt og séu notuð á tilhlýðilegan hátt. Flutningafyrirtæki og ökumenn sem nota hliðræna ökurita skulu tryggja að þeir starfi rétt og að ökuritaskífur séu notaðar á tilhlýðilegan hátt.
2. Stafrænir ökuritar skulu ekki stilltir þannig að þeir skipti sjálfkrafa yfir í tiltekinn flokk starfsathafnar þegar slökkt er á hreyfli eða kveikjufofa ökutækisins nema ökumaður geti áfram valið viðeigandi flokk starfsathafnar handvirkt.
3. Bannað skal vera að falska, fela, fjarlægja eða eyðileggja gögn sem skráð hafa verið á ökuritaskífu eða geymd í ökurita eða á ökumannskorti eða útprent úr ökuritanum. Einnig skal vera bannað að hagræða ökurita, ökuritaskífu eða ökumannskorti þannig að það geti leitt til þess að gögn og/eða prentaðar upplýsingar séu falsaðar, fjarlægðar eða þær eyðilagðar. Enginn búnaður sem nota mætti í þessum tilgangi skal vera í ökutækinu.
4. Ökutæki skulu ekki útbúin með meira en einum ökurita nema að því er varðar vettvangsprófanirnar sem um getur í 21. gr.
5. Aðildarríki skulu banna framleiðslu, dreifingu, auglýsingu og/eða sölu búnaðar sem er smíðaður og/eða ætlaður til að hagræða gögnum ökurita.

33. gr.

Ábyrgð flutningafyrirtækja

1. Flutningafyrirtæki skulu vera ábyrg fyrir því að tryggja að ökumenn þeirra fái viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar að því er varðar rétta virkni ökurita, hvort sem þeir eru stafrænir eða hliðrænir, skulu hafa reglulegt eftirlit til að tryggja að ökumenn þeirra noti þá rétt, og skulu ekki gefa ökumönnum sínum neina beina eða óbeina hvata sem gætu ýtt undir misnotkun ökurita.

Flutningafyrirtæki skulu úthluta ökumönnum ökutækja með hliðræna ökurita nægilegum fjölda ökuritaskífa með

tilliti til þess að ökuritaskífur eru bundnar einstaklingum, til lengdar þjónustutíma og þess að mögulega þarf að skipta út ökuritaskífum sem eru skemmdar eða hafa verið fjarlægðar af viðurkenndum eftirlitsmanni. Flutningafyrirtæki skulu aðeins úthluta ökumönnum ökuritaskífum af viðurkenndri gerð til notkunar í þeim búnaði sem uppsettur er í ökutækinu.

Ef ökutæki er búið stafrænum ökurita, skulu flutningafyrirtækið og ökumaðurinn tryggja, með tilliti til lengdar þjónustutíma, að hægt sé að prenta út með réttum hætti gögn úr ökuritanum að beiðni eftirlitsmanns þegar skoðun fer fram.

2. Flutningafyrirtæki skulu varðveita ökuritaskífur og útprent, þegar útprent er gert í samræmi við 35. gr., í tímaröð og á læsilegan hátt í a.m.k. ár eftir að ökuritaskífurnar og útprentið hefur verið notað og skal það láta hlutaðeigandi ökumönnum í té afrit æski þeir þess. Flutningafyrirtæki skulu einnig láta viðkomandi ökumönnum í té afrit af gögnum sem hefur verið halað niður af ökumannskortunum, ásamt útprentuðum afritum, æski þeir þess. Ökuritaskífum, útprenti og niðurrhöluðum gögnum skal framvísað eða þau afhent að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns.

3. Flutningafyrirtæki skulu vera ábyrg fyrir brotum á þessari reglugerð sem framin eru af ökumönnum þeirra eða ökumönnum sem þau hafa yfir að ráða. Aðildarríki geta þó ákveðið að slík ábyrgð sé háð því að flutningafyrirtæki brjóti gegn fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar og 1. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

34. gr.

Notkun ökumannskorta og ökuritaskífa

1. Ökumenn skulu nota ökuritaskífur eða ökumannskort hvern dag sem þeir eru við akstur allt frá því að þeir taka við ökutækinu. Ökuritaskífa eða ökumannskort skal ekki fjarlæggt fyrr en daglegum vinnutíma lýkur nema heimild sé veitt fyrir því að fjarlægja það. Óheimilt er að nota ökuritaskífu eða ökumannskort fyrir lengra tímabil en það var ætlað.

2. Ökumenn skulu verja ökuritaskífur eða ökumannskort á fullnægjandi hátt og skulu ekki nota óhreinar eða skemmdar ökuritaskífur eða ökumannskort.

3. Þegar ökumaður yfirgefur ökutækið og getur þess vegna ekki notað uppsettan ökurita í ökutækinu skulu tímabilin sem um getur í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr.:

- a) ef ökutækið er búið hliðrænum ökurita, skráð á ökuritaskífuna, annaðhvort handvirkt, með sjálfvirkri skráningu eða með öðrum hætti, á læsilegan hátt og án þess að ökuritaskífan sé óhreinkuð eða

b) ef ökutækið er búið stafrænum ökurita, skráð á ökumannskortið með því að nota handvirkan færslubúnað í ökuritanum.

Aðildarríki skulu ekki leggja þá kröfu á ökumenn að þeir leggi fram eyðublöð til staðfestingar á starfsathöfnum sínum þegar þeir eru fjarri ökutækinu.


4. Ef fleiri en einn ökumaður er um borð í ökutæki, sem búið er stafrænum ökurita, skal hver ökumaður sjá til þess að viðkomandi ökumannskort sé sett í rétta rauf ökuritans.


Ef fleiri en einn ökumaður er um borð í ökutæki, sem búið er hliðrænum ökurita, skulu ökumennirnir breyta ökuritaskífum svo sem nauðsynlegt er svo að viðeigandi upplýsingar séu skráðar á ökuritaskífu þess ökumanns sem á hverjum tíma annast aksturinn í raun.


5. Ökumenn skulu:

a) tryggja að sá tími sem skráður er á ökuritaskífuna samsvari opinberum tíma í landinu þar sem ökutækið er skráð,

b) stjórna skiptirofa til að unnt sé að skrá hvert tímabil sérstaklega og greinilega:

i. undir merkinu  : aksturstími,

ii. undir merkinu  : „önnur vinna“: starfsathöfn önnur en akstur, eins og hún er skilgreind í a-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB og einnig vinna fyrir sama eða annan vinnuveitanda innan eða utan flutningageirans,

iii. undir merkinu  : „tiltækileiki“: eins og hann er skilgreindur í b-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB,

iv. undir merkinu  : hvíld eða hlé.

6. Sérhver ökumaður ökutækis sem búið er hliðrænum ökurita skal færa inn eftirfarandi upplýsingar á ökuritaskífuna:

a) þegar ökuritaskífan er tekin til notkunar — kenninafn og eiginnafr,

b) dagsetningu og stað þegar byrjað er að nota ökuritaskífuna og dagsetningu og stað þegar notkun lýkur,

c) skráningarnúmer ökutækisins sem ökumaðurinn ekur, bæði við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna og síðan ef skipt er um ökutæki, á meðan ökuritaskífan er í notkun,

d) lestur af kílómetramæli:

i. við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna,

ii. í lok síðustu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna,

iii. ef skipt er um ökutæki á vinnudegi, aflestur úr fyrsta ökutækinu sem ökumaðurinn ók og aflestur úr ökutækinu sem hann tekur við,

e) klukkan hvað skipt er um ökutæki.

7. Ökumaður skal færa inn í stafræna ökuritann tákinn fyrir löndin þar sem daglegur vinnutími hans hófst og þar sem honum lauk. Aðildarríki getur engu að síður krafist þess að ökumenn ökutækja sem eru í flutningastarfsemi á yfirráðasvæði þess færi auk landstáknisins inn ítarlegri landfræðilega útlistun, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt þessar ítarlegri landfræðilegu útlistanir til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. apríl 1998.

Ekki skal vera nauðsynlegt fyrir ökumenn að færa inn upplýsingarnar sem um getur í fyrsta málslið fyrstu undirgreinar ef ökuritinn skráir sjálfkrafa staðsetningargögn í samræmi við 8. gr.

35. gr.

Skemmd ökumannskort og ökuritaskífur

1. Ef ökuritaskífa eða ökumannskort sem skráð hefur verið á skemmist skulu ökumenn geyma skemmdu ökuritaskífuna eða ökumannskortið ásamt varaökuritaskífu sem kemur í stað hennar.

2. Ef ökumannskort skemmist, er í ólagi, tapast eða er stolið, skal ökumaðurinn:

a) í upphafi ferðar, prenta út upplýsingar um ökutækið, sem hann ekur, og á útprentið skal hann skrá:

i. upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis), þ.m.t. undirskrift hans,

ii. tímabilin sem tilgreind eru í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr. 34. gr.

b) við lok ferðar, prenta út upplýsingar um tímabil sem ökuritinn skráði, skrá tíma sem fór í aðra vinnu, tiltækileika og hvíld, sem tekin var eftir að útprentið var gert í upphafi ferðar, ef ökuritinn skráir hann ekki, og skrá upplýsingar á skjalið sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumanskorts eða ökuskirteinis), þ.m.t. undirskrift ökumannsins.

36. gr.

Skrár sem ökumaður skal hafa undir höndum

1. Ef ökumaður ekur ökutæki sem er búið hliðrænum ökurita, skal hann að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns geta framvísað:

- i. ökuritaskífum fyrir yfirstandandi dag og þær sem ökumaðurinn notaði næstliðna 28 daga,
- ii. ökumanskortinu sé hann handhafi slíks korts og
- iii. handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006.

2. Ef ökumaður ekur ökutæki sem er búið stafrænum ökurita, skal hann að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns geta framvísað:

- i. ökumanskorti sínu,
- ii. handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006,
- iii. ökuritaskífunum frá sama tímabili og því sem um getur í ii. lið, hafi hann á því tímabili ekið ökutæki búnu hliðrænum ökurita.

3. Viðurkenndur eftirlitsmaður getur haft eftirlit með því að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 561/2006 séu haldin með því að skoða ökuritaskífurnar, gögnin á skjá, í útprenti eða niðurflytt gögn sem hafa verið skráð af ökuritanum eða ökumanskortinu eða, verði því ekki komið við, með því að skoða önnur fylgiskjöl sem renna stöðum undir að ekki sé farið að tilteknu ákvæði, t.d. 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Verklagsreglur ef búnaður bílar

1. Ef ökuriti bílar eða virkar ekki rétt skal flutningafyrirtæki láta viðurkennda ísetningarstofu eða verkstæði gera við hann jafnskjótt og aðstæður leyfa.

Ef ekki er mögulegt að koma ökutæki til athafnasvæðis flutningafyrirtækisins innan einnar viku frá þeim degi að telja þegar bilunin átti sér stað eða þegar gallinn uppgötvaðist skal viðgerðin gerð á leiðinni.

Ráðstafanir sem aðildarríkin gera skv. 41. gr. skulu veita lögbærum yfirvöldum rétt til að banna notkun ökutækis ef ekki hefur verið gert við bilunina eða gallann svo sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar svo fremi að það sé í samræmi við landslöggið í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Á meðan ökuritinn er ónothæfur eða bilaður, skal ökumaður merkja upplýsingar sem hægt er að nota til að auðkenna hann (nafn, númer ökumanskorts eða ökuskirteinis) þ.m.t. undirskrift, auk upplýsinga um þau tímabil sem ekki eru lengur rétt skráð eða útprentuð af ökuritanum:

- a) á ökuritaskífuna eða -skífurnar eða
- b) á varaökuritaskífu sem fest skal við ökuritaskífuna eða geymd ásamt ökumanskortinu.

VII. KAFLI

FRAMFYLGD OG VIÐURLÖG

38. gr.

Eftirlitsmenn

1. Til að tryggja að farið séu að ákvæðum þessarar reglugerðar með skilvirkum hætti, skulu viðurkenndir eftirlitsmenn hafa yfir að ráða fullnægjandi búnaði og viðeigandi lagaheimildum til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í samræmi við þessa reglugerð. Þessi búnaður skal einkum samstanda af:

- a) eftirlitskortum sem veita aðgang að gögnum sem skráð eru í ökuritum og á ökuritakort, og sem geta veitt valkvæðan aðgang að verkstæðiskortum,
- b) þeim verkfærum sem nauðsynleg eru til að hala niður gagnaskrár úr skráningarhluta ökurita og ökuritakortum og greina slíkar gagnaskrár og útprent úr stafrænum ökuritum ásamt ökuritaskífum eða línuritum úr hliðrænum ökuritum.

2. Ef eftirlitsmenn finna, að loknu eftirliti, nægilegar sannanir til að ýta undir réttmætan grun um svik, skulu þeir hafa heimild til að beina ökutækinu á viðurkennt verkstæði til að framkvæma frekari prófanir, einkum til að kanna hvort ökuritinn:

- a) starfi á tilhlýðilegan hátt,
- b) skrái og geymi gögn rétt, og að kvörðunarbreytur séu réttar.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa heimild til að fara fram á að viðurkennd verkstæði framkvæmi prófanirnar sem um getur í 2. mgr. og sértækar prófanir hannaðar til að greina hvort búnaður til að hagræða gögnum sé til staðar. Ef búnaður til að hagræða gögnum finnst, má fjarlægja búnaðinn, þ.m.t. tækið sjálft, skráningarhluta ökurita eða íhluti hans, og öikumannskortið úr ökutækinu og nota sem sönnunargögn í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem gilda í hverju landi fyrir sig um meðhöndlun slíkra sönnunargagna.

4. Eftirlitsmenn skulu, eftir því sem við á, nýta sér möguleikann á því að kanna ökurita og öikumannskort sem eru á staðnum þegar eftirlit fer fram á athafnasvæði fyrirtækja.

39. gr.

Þjálfun eftirlitsmanna

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsmenn hafi hlotið viðeigandi þjálfun í greiningu gagna sem skráð eru og eftirliti með ökuritum til að ná megi fram skilvirku og samræmdu eftirliti og framfylgd.
2. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær kröfur um þjálfun sem gerðar eru til eftirlitsmanna þeirra fyrir 2. september 2016.
3. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ráðstafanir sem tilgreina inntak grunnþjálfunar og símenntunar eftirlitsmanna, þ.m.t. þjálfun í tengslum við tækni við markteftirlit og í að finna búnað til að hagræða gögnum og greina svik. Þessar ráðstafanir skulu taka til leiðbeininga til að auðvelda framkvæmd viðeigandi ákvæða þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.
4. Aðildarríki skulu hafa efnið sem tilgreint er af framkvæmdastjórninni með í þeirri þjálfun sem eftirlitsmönnum er veitt.

40. gr.

Gagnkvæm aðstoð

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru aðstoð við beitingu þessarar reglugerðar og eftirlit með því hvort henni sé fylgt.

Innan ramma þeirrar gagnkvæmu aðstoðar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna einkum senda sín á milli allar fyrirbyggjandi upplýsingar varðandi brot á þessari reglugerð af hálfu ísetningarstofa og verkstæða, hvers kyns hagræðing er stunduð, og viðurlög sem lögð eru á fyrir slík brot.

41. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við stjórnskipulegt fyrirkomulag í hverju landi, mæla fyrir um reglur um viðurlög

við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og án mismununar og skulu vera í samræmi við þá flokka brota sem settir eru fram í tilskipun 2006/22/EB.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og reglur um viðurlög fyrir 2. mars 2016. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um allar síðari breytingar á þessum ráðstöfunum.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

42. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

Þegar álit nefndarinnar skal fengið með skriflegri málsmeðferð skal þeirri málsmeðferð ljúka án árangurs ef formaður nefndarinnar ákveður það eða einfaldur meirihluti nefndarmanna fer fram á það innan frestsins sem gefinn er til að skila álitinu.

43. gr.

Samstarfsvettvangur um ökurita

1. Koma skal á fót samstarfsvettvangi um ökurita til að efla skoðanaskipti um tæknileg atriði varðandi ökurita meðal sérfræðinga í aðildarríkjunum, fulltrúa í nefndinni sem um getur í 42. gr. og sérfræðinga frá þriðju löndum sem nota ökurita samkvæmt AETR-samningnum.
2. Aðildarríki skulu senda sem sérfræðinga til samstarfsvettvangsins um ökurita sérfræðingana sem þátt taka í nefndinni sem um getur í 42. gr.
3. Sérfræðingar frá þriðju löndum sem eiga hagsmuna að gæta og eru samningsaðilar að AETR-samningnum skulu geta tekið þátt í samstarfsvettvangnum um ökurita.

4. Hagsmunaaðilum, fulltrúum ökutækjaframleiðenda, ökuritaframleiðenda, aðila vinnumarkaðarins og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar skal boðin þátttaka í samstarfsvettvangnum um ökurita.
5. Samstarfsvettvangurinn um ökurita setur sér starfsreglur.
6. Samstarfsvettvangurinn um ökurita skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári.

44. gr.

Tilkynning um ráðstafanir á landsvísu

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni lög og stjórnslufyrirmæli, sem þau samþykkja um málefni sem reglugerð þessi nær til, eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt þeirra og í fyrsta skipti eigi síðar en 2. mars 2015.

45. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 561/2006

Reglugerð (EB) nr. 561/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liður bætist við á eftir a-lið 3. gr.:

„aa) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum með leyfilegan hámarks massa sem er ekki meiri en 7,5 tonn sem eru notuð til að flytja efni, búnað eða vélar sem ökumaður notar við vinnu sína innan 100 km radiúss frá bækistöð fyrirtækisins og með því skilyrði að akstur slíkra ökutækja sé ekki aðalstarf ökumannsins,“

- 2) Ákvæðum 1. mgr. 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í d-, f- og p-lið komi „100 km“ í stað „50 kílómetrar“ eða „50 km“,

- b) Í stað fyrstu undirgreinar d-liðar komi eftirfarandi:

„d) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum með leyfilegan hámarks massa sem er ekki meiri en 7,5 tonn sem notuð eru af veitendum alþjónustu, eins og þeir eru skilgreindir í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (*), til að afgreiða sendingar sem hluta af alþjónustu.

(*) Stjtið. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.“

46. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Að svo miklu leyti sem framkvæmdargerðir sem um getur í þessari reglugerð hafa ekki verið samþykktar svo það megi beita þeim þegar þessi reglugerð tekur gildi, gilda ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, þ.m.t. I. viðauka B við hana, áfram sem umbreytingarfyrirkomulag fram að gildistöku degi framkvæmdargerðanna sem um getur í þessari reglugerð.

47. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

48. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda, með fyrirvara um umbreytingarráðstafanirnar í 46. gr., frá og með 2. mars 2016. Þó koma ákvæði 24., 34. og 45. gr. til framkvæmda 2. mars 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 4. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

E. VENIZELOS

I. VIÐAUKI

KRÖFUR UM SMÍÐI, PRÓFUN, UPPSETNINGU OG SKOÐUN HLIÐRÆNNA ÖKURITA

I. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „skráningarbúnaður“ eða „hliðrænn ökuriti“:

búnaður ætlaður til uppsetningar í ökutæki til að sýna og skrá sjálfvirkt eða hálf sjálfvirkt upplýsingar um akstur þessara ökutækja og tiltekin vinnutímabil ökumanna þeirra,

- b) „fasti skráningarbúnaðarins“:

tölugildi sem segir til um gildi nauðsynlegs ilagsmerkis til að sýna og skrá ekna vegalengd á einum kílómetra. Þessi fasti skal sýndur annaðhvort sem snúningar á kílómetra ($k = \dots$ snún./km), eða púlsar á kílómetra ($k = \dots$ púls/km),

- c) „einkennisstuðull“:

tölugildi sem segir til um gildi frálagsmerkis frá þeim hluta ökutækisins sem tengdur er við skráningarbúnaðinn (annaðhvort úttaksskaft girnkassans eða ás) á meðan ökutækið fer eins kílómetra mælda vegalengd við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. lið VI. hluta í þessum viðauka). Einkennisstuðull er sýndur annaðhvort í snúningum á kílómetra ($w = \dots$ snún/km) eða púlsum á kílómetra ($w = \dots$ púls/km),

- d) „virkt ummál hjólbarða“:

ekin meðalvegalengd sérhvers hjóls sem knýr ökutækið (drifhjól) á einum heilum snúningi. Þessa vegalengd skal mæla við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. lið VI. hluta í þessum viðauka) og sýna sem: $l = \dots$ mm.

II. ALMENNIR EIGINLEIKAR OG AÐGERÐIR SKRÁNINGARBÚNAÐARINS

Búnaðurinn skal geta skráð eftirfarandi:

1. ekna vegalengd ökutækis,
2. hraða ökutækis,
3. aksturstíma,
4. annan vinnutíma eða tiltækileika,
5. vinnuhlé og daglegan hvíldartíma,
6. þau tilvik þegar kassinn með ökuritaskífurni er opnaður,
7. þegar um er að ræða rafeindaskráningarbúnað sem er stýrt með rafmagnsmerkjum frá vegalengdar- og hraðanema, rof á straumi til skráningarbúnaðarins (að lýsingu undanskilinni) sem er yfir 100 millísekúndur, á straumi til vegalengdar- og hraðaskynjara eru rofin.

Ef tveir ökumenn aka ökutækinu verður búnaðurinn að geta skráð samtímis en aðskilið og á tvær aðskildar ökuritaskífur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 3., 4. og 5. lið fyrstu málsgreinar.

III. KRÖFUR UM SMÍÐI SKRÁNINGARBÚNAÐAR

a) Almenn atriði

1. Skráningarbúnaður skal hafa eftirfarandi:

1.1. aflestrartæki sem sýna:

- ekna vegalengd (vegmaelir),
- hraða (hraðamaelir)
- tíma (klukka).

1.2. Skráningartæki sem eru:

- skráningartæki sem mælir ekna vegalengd,
- skráningartæki sem skráir hraða,
- einn tímaskráningarbúnaður eða fleiri sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 4. liðar.

1.3. ritunaraðferð sem sýnir á ökuritaskífunni:

- hvert tilvik þegar kassinn með ökuritaskífunni er opnaður,
- fyrir rafeindaskráningarbúnað, eins og hann er skilgreindur í 7. lið fyrstu málsgreinar II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millisekúndur verður á skráningarbúnaðinum (að ljósum undanskildum) og eigi síðar en um leið og aflgjafinn er ræstur aftur,
- fyrir rafeindaskráningarbúnað, eins og hann er skilgreindur í 7. lið fyrstu málsgreinar II. hluta, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millisekúndur verður á vegalengdar- og hraðaskynjara og ef boð til vegalengdar- og hraðaskynjara eru rofin.

2. Tæki sem komið er fyrir í búnaðinum til viðbótar þeim sem nefnd eru í 1. lið mega ekki koma í veg fyrir að þau tæki sem skylt er að koma fyrir starfi eðlilega eða torveldi aflestur af þeim.

Búnaðurinn skal lagður fram til gerðarviðurkenningar með öllum slíkum aukatækjum.

3. Smíðaefni

3.1. Allir hlutar skráningarbúnaðarins skulu gerðir úr efni sem er nægilega stöðugt, hefur nægilegan vélrænan styrk og er gætt stöðugum rafmagns- og seguleiginleikum.

3.2. Allar breytingar á hluta búnaðarins eða á eðli þeirra smíðaefna sem notuð eru til framleiðslu hans skulu lagðar til viðurkenningar fyrir yfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir búnaðinn áður en þeim er beitt við framleiðsluna.

4. Mæling á ekinni vegalengd

Heimilt er að mæla og skrá vegalengdir annað hvort:

- þannig að þær taki til bæði hreyfingar áfram og afturábak, eða
- þannig að þær taki eingöngu til hreyfingar áfram.

Skráning á akstri afturábak má á engan hátt hafa áhrif á skýrleika og nákvæmni annarra skráninga.

5. Hraðamæling

5.1. Hraðamælingarsvið skal vera eins og kveðið er á um í gerðarviðurkenningavottorðinu.

5.2. Eigintíðni og dempun mælitækisins skal vera þannig að tækið sem sýnir og skráir hraðann geti innan mælisviðsins fylgt hröðunarbreytingum upp í allt að 2 m/s^2 , innan viðurkenndra vikmarka.


6. Tímamæling (klukka)
 - 6.1. Stillibúnaði klukkunnar skal komið fyrir í kassa þar sem ökuritaskífan er geymd. Í hvert sinn sem kassinn er opnaður skal það skráð sjálfkrafa á ökuritaskífuna.
 - 6.2. Ef búnaði ökuritaskífunnar til að hreyfa hana fram á við er stjórnað af klukkunni þá skal sá tími sem hún gengur eðlilega eftir að hún hefur verið trekt upp að fullu vera minnst 10% lengri en skráningartíminn sem svarar til hámarksskífuhleðslu ritans.
 7. Lýsing og vörn
 - 7.1. Aflestrartæki ritans skulu búin hæfilegri lýsingu sem blindar ekki.
 - 7.2. Við eðlileg notkunarskilyrði skulu allir innbyggðir hlutar ritans varðir gegn raka og ryki. Að auki skulu þeir hafðir í hlífðarkössum sem unnt er að innsigla svo ekki sé hægt að hrófla við þeim.
- b) Aflestrartæki
1. Mælir fyrir ekna vegalengd (vegmælir),
 - 1.1. Gildi minnstu mælieiningar á tækinu sem sýnir ekna vegalengd skal vera 0,1 kílómetri. Tölur sem sýna hektómetra verða að vera skýrt aðgreindar frá þeim sem sýna heila kílómetra.
 - 1.2. Tölur á vegmælinum skulu vera læsilegar og skal sýnileg stærð þeirra vera minnst 4 mm.
 - 1.3. Skráningargeta vegmælisins skal vera 99 999,9 kílómetrar hið minnsta.
 2. Mælir sem sýnir hraða (hraðamælir)
 - 2.1. Innan mælisviðsins skal hraðamælikvarðanum skipt jafnt niður í 1, 2, 5 eða 10 km/klst. bil. Gildi hraðakvarðans (bilið milli tveggja samliggjandi merkja) má ekki vera meira en 10% af hámarkshraðanum sem gefinn er upp á kvarðanum.
 - 2.2. Ekki þarf að tölusetja þann hluta svæðisins sem er fyrir utan það sem mælt er.
 - 2.3. Bilin á kvarðanum sem samsvara hraðabreytingu sem er 10 km/klst. skulu ekki vera styttri en 10 millimetrar.
 - 2.4. Á nálaræli má bilið á milli nálarinnar og yfirborðs mælisins ekki vera meira en 3 mm.
 3. Tímamælir (klukka)

Tímamælirinn skal sýnilegur utan á ritanum og verður að vera unnt að lesa af honum á öruggan, auðveldan og ótvíræðan hátt.
- c) Skráningartæki
1. Almenn atriði
 - 1.1. Í öllum ökuritum, óháð því hvernig ökuritaskífan er (strimill eða skífa), skal vera viðmiðunarkerki sem gerir kleift að setja ökuritaskífuna rétt í á þann hátt að tryggt sé að sá tími sem klukkan sýnir samsvari tímamerkingunni á ökuritaskífunni.
 - 1.2. Búnaðurinn sem færir ökuritaskífuna skal vera þannig gerður að skífan færir jafnt og þétt og auðvelt sé að koma henni fyrir og taka hana úr.
 - 1.3. Ef ökuritaskífan er skífulaga þá skal gangverk klukkunnar stjórna hreyfibúnaðinum. Þegar svo háttar verður snúningur ökuritaskífunnar að vera samfelldur og stöðugur með lágmarkshraða sem er 7 millimetrar á klukkustund mælt við innra borð hringins sem afmarkar hraðaskráningarsvæðið. Í ritum af þeirri gerð sem notar strimil þar sem gangverk klukkunnar stjórnar hreyfibúnaði ökuritaskífunna verður hraðinn í beinni línu fram á við að vera a.m.k. 10 millimetrar á klukkustund.
 - 1.4. Skráning á ekinni vegalengd, hraða ökutækis og opnun kassans þar sem ökuritaskífuna eða -skífunar er að finna skal vera sjálfvirk.

2. Skráning á ekinni vegalengd
 - 2.1. Hver ekinn kílómetri skal í skráningunni svara til vegalengdar sem er a.m.k. 1 millimetri á samsvarandi hnitás.
 - 2.2. Við hraða sem nálgast efri mörk mælisviðsins skal skráning vegalengdar einnig vera læsileg.
 3. Hraðaskráning
 - 3.1. Hvernig svo sem ökuritaskífa er á hnitpenninn að hreyfast í beinni línu og hornrétt á hreyfistefnu ökuritaskífunnar. Þó má hreyfing hnitpennans vera boglínudregin, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - línan sem hnitpenninn dregur skal vera hornrétt á mitt hringferli (á skífum) eða á snúningsás (á strimlum) þess svæðis sem er fyrir hraðaskráningu,
 - hlutfallið milli krappageislans sem hnitpenninn dregur og breiddar svæðisins fyrir hraðaskráningu má ekki vera minna en 2,4 á móti 1, óháð lögun ökuritaskífunnar,
 - merkingarnar á tímakvarðanum skulu fara yfir skráningarsvæðið eftir boglínu sem er í sama geisla og hnitpenninn dregur. Bilið milli merkinganna á tímakvarðanum skal samsvara einni klukkustund hið mesta.
 - 3.2. Sérhver hraðabreyting er nemur 10 kílómetrum á klukkustund skal í skráningunni svara til a.m.k. 1,5 millimetrum á samsvarandi hnitás.
 4. Tímaskráning
 - 4.1. Skráningarbúnaðurinn skal þannig gerður að hann skrái aksturstimann algjörlega sjálfvirk og að með notkun skiptirofa, ef þörf krefur, sé hægt að skrá sérstaklega önnur tímabil eins og kemur fram í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr. 34. gr. þessarar reglugerðar.
 - 4.2. Auðvelt skal vera að greina milli mismunandi tímabila út frá einkennum línanna, stöðu þeirra innbyrðis og, ef þörf krefur, merkjanna sem mælt er fyrir um í 34. gr. þessarar reglugerðar. Einstök tímabil ber að aðgreina hvert frá öðru í skráningunni með mismunandi breidd línanna sem við eiga eða á einhvern annan hátt þar sem tryggt er að jafn auðvelt sé að lesa úr og túlka skráninguna.
 - 4.3. Í ökutækjum þar sem fleiri en einn ökumaður annast akstur verða skráningarnar sem kveðið er á um í lið 4.1 að vera á tveimur aðskildum ökuritaskífum, ein skífa fyrir hvern ökumann. Í þessu tilviki verður framvirk færsla á hverri ökuritaskífu að vera tryggð með einum og sama búnaði eða aðskildum samstilltum búnaði.
- d) Lokunarbúnaður
1. Kassinn með ökuritaskífunni eða -skífunum og stillibúnaði klukkunnar skal vera með lás.
 2. Í hvert sinn sem kassinn sem hefur að geyma ökuritaskífuna eða -skífurnar og stillibúnað klukkunnar er opnaður skal það skráð sjálfkrafa á skífuna eða skífurnar.
- e) Merkingar
1. Á kvarða ritans skulu vera eftirfarandi merkingar:
 - alveg við töluna sem vegmælirinn sýnir, mælieiningin fyrir vegalengdina tilgreind með skammstöfuninni „km“,
 - nálægt hraðakvarðanum, merkingin „km/klst.“,
 - mælisvið hraðamælisins með skammstöfuninni „Vmin...km/klst., Vmax...km/klst.“. Þessi merking er ekki nauðsynleg ef hún kemur fram á upplýsingaplötu búnaðarins.
- Þessar kröfur gilda þó ekki um skráningarbúnað sem var samþykktur fyrir 10. ágúst 1970.

2. Upplýsingaplatan skal vera innbyggð í búnaðinn og á henni skulu vera eftirfarandi merkingar sem verða að vera sýnilegar á búnaðinum þegar hann er settur upp:

- heiti og heimilisfang framleiðanda búnaðarins,
- númer framleiðanda og smíðaár,
- viðurkenningarmerki fyrir gerð búnaðarins,
- fasti búnaðarins, gefinn upp sem „k = ... snún./km⁴“ eða „k = ... púls/km“,
- hraðamælingarsviðið, valfrjálst, sýnt eins og tilgreint er í 1. lið,
- ef næmi tækisins fyrir hallahorni kann að hafa áhrif á aflestur af ritanum umfram viðurkennd vikmörk er leyfilegt horn sýnt sem:



þar sem α er hornið sem mælt er frá láréttri stöðu framhliðar (snýr upp) ritans sem tækið er stillt fyrir, en β og γ standa fyrir hámarksfrávik upp á við og niður á við miðað við kvörðunarhornið α .

- f) Hæstu vikmörk (aflestrar- og skráningartæki)

1. Á prófunarbekk fyrir uppsetningu:

- a) ekin vegalengd:

1% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

- b) hraði:

3 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

- c) tími:

± tvær mínútur á dag og í mesta lagi 10 mínútur á sjö dögum ef gangtími klukkunnar, eftir að hún hefur verið dregin upp, er ekki styttri en sjö dagar.

2. Við uppsetningu:

- a) ekin vegalengd:

2% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

- b) hraði:

4 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

- c) tími:

± tvær mínútur á dag eða

± 10 mínútur á sjö dögum.

3. Í notkun:

- a) ekin vegalengd:

4% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

b) hraði:

6 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

c) tími:

± tvær mínútur á dag eða

± 10 mínútur á sjö dögum.

4. Hæstu vikmörk sem sett eru í 1., 2. og 3. lið gilda um hitastig milli 0 °C og 40 °C, hitastig mælt alveg við ritann.
5. Hæstu vikmörk sem sett eru fram í 2. og 3. lið gilda ef þau eru mæld við þau skilyrði sem kveðið er á um í VI. hluta.

IV. ÖKURITASKÍFUR

a) Almenn atriði

1. Ökuritaskífur skulu þannig gerðar að þær hindri ekki eðlilegan gang tækisins og skráningin sem þær hafa að geyma sé óafmáanleg, auðlæsileg og skiljanleg.

Við eðlilegt raka- og hitastig verða ökuritaskífurnar að halda stærð sinni og þeim skráningum sem gerðar hafa verið á þær.

Að auki verður að vera unnt að færa inn á ökuritaskífurnar, án þess að skemma þær og án þess að það hafi áhrif á aflestur af þeim, upplýsingarnar sem um getur í 34. gr. þessarar reglugerðar.

Við eðlileg geymsluskilyrði skal skráningin haldast auðlæsileg í eitt ár hið minnsta.

2. Lágmarksskráningargeta ökuritaskífanna, óháð því hvert útlit þeirra er, skal vera 24 klst.

Ef margar skífur eru tengdar saman til að auka samfellda skráningargetu, án þess að starfsmenn komi þar nærri, verða skífurnar að vera þannig tengdar að ekkert hlé verði á skráningunum né að þær skarist þegar farið er af einni skífu yfir á aðra.

b) Skráningarsvæði og skipting þeirra

1. Á ökuritaskífum skulu vera eftirfarandi skráningarsvæði:

— svæði sem er sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um hraða,

— svæði sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um ekna vegalengd,

— eitt eða fleiri svæði fyrir upplýsingar um akurstíma eða annan vinnutíma eða tiltækileika, vinnuhlé og hvíldartíma ökumanna.

2. Svæðinu fyrir hraðaskráningu skal deilt niður í bil sem eru 20 kílómetrar á klukkustund eða minni. Við hverja merkingu skal sýndur með tölum sá hraði sem hún táknar. Táknid „km/klst.“ skal koma fram á minnst einum stað innan þessa svæðis. Síðasta merkingin á kvarðanum á að falla saman við efri mörk mælisviðsins.
3. Svæðinu fyrir skráningu ekinnar vegalengdar skal deilt þannig niður að auðvelt sé að lesa fjölda ekinnar kílómetra.
4. Svæðið eða svæðin sem ætluð eru fyrir skráningu á tímabilunum sem um getur í 1. lið skulu merkt þannig að auðvelt sé að greina mismunandi tímabil.

c) Upplýsingar sem prenta skal á ökuritaskífur

Á hverja ökuritaskífu skulu prentaðar eftirfarandi upplýsingar:

— heiti og heimilisfang eða viðskiptaheiti framleiðanda,

- viðurkenningarmerki fyrir fyrirmynd að ökuritaskífunni,
- viðurkenningarmerki fyrir gerð eða gerðir búnaðar sem heimilt er að nota ökuritaskífuna fyrir,
- efri mörk hraðamælisviðsins, prentuð í kílómetrum á klukkustund.

Enn fremur verður á hverri ökuritaskífu að vera prentaður einn tímakvarði sem gerir kleift að lesa tímann beint af með fimmtán mínútna millibili og finna auðveldlega út hvert fimm mínútna bil.

d) Autt rými fyrir handritaðar upplýsingar

Autt rými verður að vera á ökuritaskífunum þannig að ökumenn geti a.m.k. ritað eftirfarandi upplýsingar:

- eftirnafn og skírnamafn ökumanns,
- dagsetningu og stað þegar byrjað er að nota ökuritaskífuna og dagsetningu og stað þegar notkun lýkur,
- skráningarnúmer ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan ökuritaskífan er í notkun,
- stöðu kílómetramælis ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan ökuritaskífan er í notkun,
- tímann þegar skipt er um ökutæki.

V. UPPSETNING SKRÁNINGARBÚNAÐAR

1. Skráningarbúnaður skal staðsettur í ökutækinu á þann hátt að ökumaður geti auðveldlega fylgst með hraðamæli, vegmæli og klukku úr sæti sínu og að allir hlutir í þessum tækjum, að meðtöldum drifbúnaði, séu varðir skemmdum sem verða fyrir slysi.
2. Unnt verður að vera að laga fasta skráningarbúnaðarins að einkennisstuðli ökutækisins með viðeigandi aðlögunarbúnaði.

Ökutæki með tvö eða fleiri girhlutföll afturássins skulu búnir skiptirofa sem sjálfkrafa jafnar þessi mismunandi hlutföll að hlutfalli búnaðarins sem hefur verið lagaður að ökutækinu.

3. Eftir að búnaðurinn hefur verið skoðaður við uppsetningu skal uppsetningarplata fest við ökutækið við hliðina á búnaðinum eða á búnaðinn sjálfan þannig að hún sjáist greinilega. Eftir hverja skoðun sem viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði framkvæmir, þar sem í ljós kemur að breyta þurfi stillingu sjálftrar uppsetningarinnar, verður að setja nýja plötu í stað þeirrar sem fyrir var.

Á plötunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- heiti, heimilisfang eða viðskiptaheiti viðurkenndrar ísetningarstofu, verkstæðis eða ökutækjaframleiðanda,
- einkennisstuðull ökutækisins, gefinn upp sem „w = ... sn./km⁴“ eða „w = ... púls/km⁴“,
- virkt ummál hjólbarða gefið upp sem „l = ...mm“,
- dagsetningar þegar einkennisstuðull ökutækisins var ákvarðaður og virkt ummál hjólbarðanna mælt.

4. Innsíglun

Eftirfarandi hlutar skulu innsiglaðir:

- a) uppsetningarplatan, nema hún sé fest á þann hátt að ekki sé mögulegt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja merkingarnar,
- b) tenglaendarnir milli hins eiginlega skráningarbúnaðar og ökutækisins,
- c) sjálfur aðlögunarbúnaðurinn og tengingin við rafrásina,

- d) skiptirofar ökutækja með tvö eða fleiri áshlutföll,
- e) tenglarnir sem tengja aðlögunarbúnaðinn og skiptirofann við aðra hluta búnaðarinnar,
- f) kassarnir sem krafist er í lið 7.2 í a-lið III. hluta,
- g) öll lok sem veita aðgang að leiðum til að aðlaga fasta skráningarbúnaðarinnar að einkennisstuðli ökutækisins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að fara fram á önnur innsigli við viðurkenningu á gerð búnaðar og skal þess getið í viðurkenningarvottorðinu hvar innsiglið er komið fyrir.

Heimilt er að fjarlægja innsigli sem um getur í b-, c- og e-lið fyrstu málsgreinar:

- í neyðartilvikum,
- til að setja upp, stilla eða gera við hraðatakörkunarbúnað eða annan búnað sem stuðlar að umferðaröryggi,

að því tilskildu að skráningarbúnaðurinn starfi rétt og með eðlilegum hætti og sé aftur innsiglaður af viðurkenndri viðgerðarstofu eða verkstæði strax og hraðatakörkunarbúnaðurinn eða annar búnaður sem stuðlar að umferðaröryggi hefur verið settur í eða, eftir atvikum, innan sjö daga. Í hvert sinn sem innsigli er rofið verður að gefa skriflega yfirlýsingu þar sem ástæður eru tilgreindar og skal hún tiltæk lögberu yfirvaldi.

5. Leiðslurnar sem tengja skráningarbúnaðinn við sendinn skulu varðar með heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklipnu í endann, nema sambærileg vörn gegn hagræðingu á gögnum sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænni vöktun svo sem merkjadulkóðun) sem greint getur hvort annar búnaður sé til staðar sem ekki telst nauðsynlegur til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og hindrar rétta virkni skráningarbúnaðarinnar með skammhlaupum eða truflunum eða breytingum á rafrænum gögnum frá hraða- og vegalengdarnemanum. Samskeyti með innsigliðum tengingum teljast órofin í skilningi þessarar reglugerðar.

Í stað áður nefndrar rafrænnar vöktunar getur komið rafeindastýring sem tryggir að skráningarbúnaðurinn geti skráð hverja hreyfingu ökutækisins, óháð merkjum frá hraða- eða vegalengdarnemanum.

Að því er varðar beitingu þessa liðar, eru ökutæki í flokkum M1 og N1 þau sem skilgreind eru í A-hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁷⁾. Í þeim ökutækjum sem búin eru ökuritum í samræmi við þessa reglugerð og ekki eru hönnuð þannig að hægt sé að koma fyrir varinni leiðslu milli vegalengdar- og hraðanema og skráningarbúnaðar skal koma aðlögunarbúnaði fyrir sem næst vegalengdar- og hraðanemum.

Koma skal varinni leiðslu fyrir milli aðlögunarbúnaðarinnar og skráningarbúnaðarinnar.

VI. EFTIRLIT OG SKOÐANIR

Aðildarríkin tilnefna þá aðila sem skulu framkvæma eftirlit og skoðanir.

1. Vottun á nýjum tækjum eða viðgerðum tækjum

Sérhvert tæki, nýtt eða viðgert, skal fá vottorð um að það starfi rétt og gefi nákvæmar upplýsingar við aflestur og skráningu, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 1. lið f-liðar III. hluta, með innsigli í samræmi við f-lið fyrstu málsgreinar 4. liðar V. hluta.

Aðildarríkjum er heimilt í þessu skyni að koma á fyrstu sannprófun sem er eftirlit með og staðfesting á því að nýtt eða viðgert tæki sé í samræmi við fyrirmynd sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu og/eða við kröfur þessarar reglugerðar eða er heimilt að framselja umboð til vottunar til framleiðenda eða viðurkenndra umboðsmanna þeirra.

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tækneiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjórn. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

2. Uppsetning

Þegar búnaðurinn er settur í ökutækið verður hann og öll uppsetningin að fylgja ákvæðum um hæstu vikmörk sem mælt er fyrir um í 2. lið f-liðar III. hluta.

Viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði skal framkvæma skoðunarpróf á eigin ábyrgð.

3. Reglubundnar skoðanir

- a) Reglubundnar skoðanir búnaðar sem festur er við ökutæki skulu fara fram á tveggja ára fresti hið minnsta og er heimilt að láta þær fara fram um leið og prófun á aksturshæfni ökutækja á sér stað.

Við þessar skoðanir skal kanna eftirfarandi:

- hvort búnaðurinn starfi eðlilega,
- hvort búnaðurinn sé með gerðarviðurkenningarmerki,
- hvort uppsetningarplatan sé fest á,
- hvort innsigli á búnaðinum og öðrum hlutum uppsetningarinnar séu órofin,
- virkt ummál hjólbarða.

- b) Skoðun til að tryggja að farið sé að ákvæðum 3. liðar f-liðar III. hluta um hæstu vikmörk við notkun skal fara fram á sex ára fresti hið minnsta, þó er aðildarríki heimilt að kveða á um styttri tíma milli skoðana fyrir ökutæki sem skráð eru á yfirráðasvæði þess. Skylt er við slíka skoðun að skipta um uppsetningarplötu.

4. Mæling á skekkjum

Mæling á skekkjum við uppsetningu og meðan á notkun stendur skal fara fram við eftirfarandi skilyrði og teljast þau eðlileg prófunarskilyrði:

- ökutæki án hleðslu tilbúið til aksturs,
- þrýstingur í hjólbörðum í samræmi við fyrirmæli framleiðandans,
- slit á hjólbörðum innan leyfilegra marka samkvæmt lögum,
- hreyfing ökutækis: ökutækið skal hreyfast fram á við fyrir eigin vélaraffli í beinni línu á sléttu yfirborði á hraða sem er 50 ± 5 km/klst. Heimilt er að láta prófunina fara fram á þar til gerðum prófunarbekk svo fremi að nákvæmni hennar sé sambærileg.

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNINGARMERKI OG -VOTTORÐ

I. VIÐURKENNINGARMERKI

1. Viðurkenningarkerkið skal vera:


- a) réttthyrningur og innan hans skal vera stafurinn „e“ og á eftir honum auðkennisnúmer eða auðkennisstafur þess lands sem veitt hefur viðurkenninguna í samræmi við eftirfarandi hefðbundin tákn:

Belgía	6,
Búlgaría	34,
Tékkland	8,
Danmörk	18,
Þýskaland	1,
Eistland	29,
Írland	24,
Grikkland	23,
Spánn	9,
Frakkland	2,
Króatía	25,
Ítalía	3,
Kýpur	CY,
Lettland	32,
Litháen	36,
Lúxemborg	13,
Ungverjaland	7,
Malta	MT,
Holland	4,
Austurríki	12,
Pólland	20,
Portúgal	21,
Rúmenía	19,
Slóvenía	26,
Slóvakía	27,
Finnland	17,
Svíbjóð	5,
Bretland	11,

og

- b) viðurkenningarnúmer sem samsvarar númeri viðurkenningarvottorðs sem samið var fyrir frumgerð skráningarbúnaðarins eða ökuritaskífunnar eða númeri ökuritakorts, komið fyrir einhvers staðar mjög nálægt réttthyrningnum.
2. Viðurkenningarkerkið skal vera á upplýsingaplötu hvernar búnaðarsamstæða og á hverri ökuritaskífu og á hverju ökuritakorti. Það verður að vera óafmáanlegt og auðlæsilegt.

3. Málín á viðurkenningarkerkinu á teikningunni hér á eftir ⁽¹⁸⁾ eru sýnd í millimetrum og eru lágmarksmál. Viðhalda verður hlutföllunum milli málanna.



⁽¹⁸⁾ Þessar tölur eru eingöngu til leiðbeiningar.

II. VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR HLIÐRÆNA ÖKURITA

Aðildarríki sem hefur veitt viðurkenningu skal gefa út viðurkenningarvottorð til umsækjandans en fyrirmynd að því er að finna hér á eftir. Aðildarríki skal nota afrit af vottorðinu þegar það upplýsir önnur aðildarríki um útgefnar viðurkenningar eða, komi til þess, afturköllun þeirra.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Heiti lögbærs yfirvalds:

Tilkynning varðandi (!):

- viðurkenningu á gerð skráningarbúnaðar
- afturköllun viðurkenningar á gerð skráningarbúnaðar
- viðurkenningu á fyrirmynd að ökuritaskífu
- afturköllun viðurkenningar á fyrirmynd að ökuritaskífu

Viðurkenning nr.

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti
2. Heiti gerðar eða tegundar
3. Heiti framleiðanda
4. Heimilisfang framleiðanda
5. Lagt fram til viðurkenningar þann
6. Prófunarstaður
7. Dagsetning og númer prófunar eða prófana
8. Dagsetning viðurkenningar
9. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu
10. Gerð eða gerðir skráningarbúnaðar sem skífa er hönnuð til notkunar í
11. Staður
12. Dagsetning
13. Skýringargögn í viðauka
14. Athugasemdir (þ.m.t. staðsetning innsigla ef við á)

(Undirritun)

(!) Strikið út það sem á ekki við

III. VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR STAFRÆNA ÖKURITA

Aðildarríki sem hefur veitt viðurkenningu skal gefa út viðurkenningarvottorð til umsækjandans en fyrirmynd að því er að finna hér á eftir. Aðildarríki skal nota afrit af vottorðinu þegar það upplýsir önnur aðildarríki um útgefnar viðurkenningar eða, komi til þess, afturköllun þeirra.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR STAFRÆNA ÖKURITA

Heiti lögbærra stjórnvalda

Tilkynning varðandi⁽¹⁾:

viðurkenningu á: afturköllun viðurkenningar á:

- tegund skráningarbúnaðar
- íhlut skráningarbúnaðar⁽²⁾
- ökumannskorti
- verkstæðiskorti
- fyrirtækiskorti
- eftirlitskorti

.....
Viðurkenning nr.

1. Framleiðslumerki eða vörumerki
2. Tegundarheiti
3. Heiti framleiðanda
4. Heimilisfang framleiðanda
5. Lagt fram til viðurkenningar á
6. Rannsóknarstofa eða rannsóknarstofur
7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu
8. Dagsetning viðurkenningar
9. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu
10. Tegund skráningarbúnaðar sem íhluturinn er hannaður til notkunar í
11. Staður
12. Dagsetning
13. Skýringargögn í viðauka
14. Athugasemdir

.....
(Undirritun)

⁽¹⁾ Haka skal við í viðeigandi reiti.

⁽²⁾ Tilgreina skal íhlutinn sem fjallað er um í tilkynningunni.